



FRÉTTABLAÐIÐ

11. febrúar 2005 – 40. tölublað – 5. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Vefvang: visir.is – Sími: 550 5000 **visir**

FÖSTUDAGUR




DEILT Á HALDÓR Hart var deilt á forsætisráðherra á Alþingi í gær í kjölfar viðtals við hann sem sýnt var á Stöð 2 kvöldið áður. **Sjá síðu 2**

BROTHÆTT VOPNAHLÉ Vopnahlé Ísraela og Palestínumanna er ótryggt eftir að Ísraelskir hermenn drápu tvo Palestínumenn í gær. **Sjá síðu 2**

RÁÐHERRA VILL KONUR Iðnaðar- og viðskiptaráðherra hefur sent stjórnendum 80-90 helstu fyrirtækja landsins bréf þar sem hún hvetur þá til að beita sér fyrir því að konur fái tækifæri í stjórn. **Sjá síðu 4**

MILLJARÐUR Í UPPGREIÐSLU Alls námu uppgreiðslur lána hjá Byggingastofnun tæpum 1.100 milljónum króna frá 1. september 2004 fram til dagsins í dag. **Sjá síðu 6**




SLYDDUÉL EÐA ÉL Aðallega við sunnan- og vestanvert landið en úrkomulítið fyrir norðan og austan. Hiti við eða yfir frostmarki. **Sjá síðu 4**



MEGASUKK Hljómsveitin Megasukk, sem samanstendur af tónlistarmönnum Megasi og dúettinum Súkkat, heldur tónleika á Grand Rokk klukkan 23 í kvöld.

Kvikmyndir	34	Myndlist	32
Tónlist	32	Íþróttir	26
Leikhús	32	Sjónvarp	36



Sex hundruð starfa ólöglega

Sífelld fleiri stunda svarta vinnu. Formaður Rafiðnaðarsambandsins segir þetta áberandi í byggingargeiranum og telur að allt að 600 manns starfi ólöglega í honum. Samiðn og Útlendingastofnun hefja samstarf.

ATVINNA „Byggingaverktakar fá starfsmenn frá Austur-Evrópu án þess að hafa til þess nokkur leyfi og gefa ekki upp launin þeirra. Þeim fjölgar ört sem starfa ólöglega,“ segir Guðmundur Gunnarsson formaður Rafiðnaðarsambands Íslands. Finnbjörn Hermannsson, formaður Samiðnar, segir sambandið vita af þessari þróun. Hann segir vitað um tilfelli þar sem útlendingar hafi gengið svo langt að stofna fyrirtæki þar sem engar tekjur eru gefnar upp. Hann segir erfitt að átta sig á umfangi vandans en undanfarna þrjá mánuði hefur Samiðn haldið uppi

eftirliti í samstarfi við lögreglu og Útlendingastofnun, þar sem reynt er taka á þessu máli. Byggingaverktaki, sem rætt var við, segist þekkja nokkur dæmi þess að útlendingar haldi áfram að vinna hér á landi eftir að atvinnuleyfi renna út og gefi tekjur sínar ekki upp. Hann sagðist hafa haft samband við Útlendingastofnun sem hafi vísað á lögregluna, sem vísaði aftur á Útlendingastofnun. Hann sagði að sér virðist vera fá úrræði til að taka á þessu. Verktakinn tók undir með Finnbirni að dæmi séu um að menn án atvinnuleyfa stofni sín eigin verktakafyrir-

tæki, til dæmis um parkett- eða pípuþvottar. Þeir undirbjóði verktaka sem fara að settum reglum. Guðmundur Gunnarsson segir marga þá sem vinna svart vera oftar en ekki af erlendu bergi brotna og vinni þá gjarnan langt undir lágmarkslaunum, fái ekki yfirvinnu greidda, orlof eða veikindafrí. Guðmundur segir að erfitt sé að segja hversu margir stundi vinnu án atvinnuleyfis eða á svörtu kaupi, en óstaðfestar tölur bendi til að þeir séu allt að því 600 í byggingargeiranum á höfuðborgarsvæðinu einu saman.

- bs



Á VETTVANGI SPRENGJUÁRÁSAR Fjórir létust í sprengjuárás í Tahrír í Bagdad.

20 bílstjórar: Skotnir í hnakkann

ÍRAK, AP Lík tuttugu bílstjóra fundust á vegi í Írak í gær. Hryðjuverkamenn höfðu handsamað mennina, bundið hendur þeirra fyrir aftan bak og skotið þá.

Alls létust 43 í bardögum og árás-um í gær. Þeirra á meðal voru sjö íraskir lögreglumenn sem féllu í tveggja klukkutíma löngum bardaga við vígamenn suður af Bagdad.

Írösk stjórnvöld hafa ákveðið að loka landamærum landsins í fimm daga seinna í mánuðinum. Með þessu segjast stjórnvöld vilja auka öryggi íbúanna. Landamærunum er lokað meðan á helstu trúarhátíð sjía-múslima stendur. Í fyrra lést 181 í árásum meðan á trúarhátíðinni stóð. ■

Lygasaga frá Írak: Fjölmiðlar bitu á agnið

BANDARÍKIN, AP Fjölmiðlar í Colorado í Bandaríkjunum sögðu nýlega sorglega sögu af 24 ára gamalli konu sem lýsti því á harmrænan hátt hvernig eiginmaður hennar lést í átökum í Írak.

Konan sagði að eiginmaðurinn hefði látist sem sönn hetja. Hann hefði orðið fyrir skoti þegar hann var hlífa ungum íröskum dreng fyrir skothríð uppreisnarmanna. Við nánari eftirgrenslnan kom í ljós að konan laug öllu saman. Eiginmaðurinn gekk ekki um götur Bagdad vopnaður riffla heldur er á lífi og býr í látlausu úthverfi líftillar borgar í Colorado. Svo gæti farið að konan yrði ákærð fyrir lygasöguna. Hún hefur engar skýringar gefið á uppþæki sínu. ■

Kynferðisbrotamál: Karlmaður sýknaður

DÓMSMÁL Hæstiréttur hefur sýknað karlmann af ákæru fyrir kynferðisbrot gegn stúlku á árunum 1990 til 1994 en þá var stúlkan 9 til 13 ára gömul. Héraðsdómur Reykjavíkur hafði áður dæmt manninn í tveggja ára fangelsi og til að greiða 800 þúsund krónur í bætur.

Rannsókn málsins hófst ekki fyrr en í apríl 2003 og telur Hæstiréttur málið því fyrnt. Þó að dómurinn hafi sýknað manninn á grundvelli þess að málið væri fyrnt staðfesti hann dóm héraðsdóms um miskabætur. Hæstiréttur klotnaði í málinu. Tveir dómarmar af fimm vildu staðfesta dóm héraðsdóms í heild sinni.

- th



LÖGREGLUMÁÐUR Á VETTVANGI Framin voru tvö vopnuð rán með fimmtán mínútna millibili í gær. Ræninginn náðist seint í gærkvöld. Hann hefur játað sekt sína.

Fimm vopnuð rán á fjórum dögum:

Búið að handtaka ræningjann

LÖGREGLUMÁL Lögreglan handtók í gærkvöld mann sem grunaður var um að hafa framið fimm vopnuð rán síðan á þriðjudag. Lögregla veitti bíl mannsins athygli við verslunarmiðstöð um níuleytið í gærkvöld. Við eftirgrenslnan fundust byssa, öxi og gríma í bílnum ásamt fleiru.

Maðurinn, sem hefur nú játað,

lét síðast til skarar skrifa í gærdeg þegar hann réðst inn í tvær verslanir í Reykjavík með fimmtán mínútna millibili. Hann réðst inn í bókaúð við Hverafold í Grafarvogi og í Leikbæ í Mjódd.

Maðurinn lét líka til sín taka fyrr í vikunni. Á mánudaginn rændi hann söluturn í Grafarvogi

og á þriðjudaginn rændi hann söluturn í Mjódd. Þar ógnaði ræninginn starfsfólki með öxi og komst undan með óverulegt fé eins og í gær. Á miðvikudaginn gerði hann misheppnaða tilraun til að ræna söluturn við Langholtsveg og var maðurinn þá einnig vopnaður.

- gag/bs



SPURNING DAGSINS

Hjörleifur, á ég ekki bara að lána þér 1.500 kall og málið er dautt?

Það er gott að eiga góða að. Ég þakka rosalega gott boð en réttlætiskennid mín leyfir mér ekki að taka lánið. Því miður.

Hjörleifur Hallgrímsson, ritstjóri Vikudags á Akureyri, hefur stefnt Bifreiðasjóði Akureyrar vegna 1.500 króna sektar. Engir stöðumælur eða merki sem bönnuðu bifreiðastöðu hafi verið við kantstein gegnt Landsbanka Íslands á Akureyri.

Tveir Palestínnumenn fallnir og tvær árásir gerðar á landnemabyggðir:

Vopnahlé ótryggt vegna átaka

MID-AUSTURLÖND, AP Vopnahléið sem Ísraelar og Palestínnumenn lýstu yfir á þriðjudag er ótryggt eftir að tveir Palestínnumenn féllu fyrir hendi ísraelskra hermanna og palestínskir vígamenn skutu úr sprengjuvörpum á byggð ísraelskra landtókumanna á Gaza.

Mahmoud Abbas, forseti palestínsku heimastjórnarinnar, fyrirskipaði öryggisveitum í gær að koma í veg fyrir frekari árásir á Ísraela. Þannig vildi hann reyna að viðhalda vopnahléinu. Ísraelar hafa sett það skilyrði fyrir frekari framþróun

í friðarátta að Palestínnumenn ráðist ekki á Ísraela.

Ariel Sharon, forsætisráðherra Ísraels, lýsti því yfir í viðtali við ísraelska blaðið Haaretz að hann væri reiðubúinn að sleppa lausum Palestínnumönnum sem gert hefðu árásir á Ísraela. Þetta er stefnubreyting af hans hálfu því áður hafði hann sagt að slíkt kæmi ekki til greina. Með þessu kemur hann til móts við kröfur Palestínnumanna.

Hamas-liðar skutu 56 sprengjum og eldflaugum að tveimur landnemabyggðum

Ísraela á Gaza án þess að nokkur særðist og sögðu það hefndarráðstöfun fyrir tvo Palestínnumenn sem Ísraelar felldu. Annars vegar var Hamas-liði skotinn þar sem hann var með sprengiefni og hins vegar óbreyttur borgari þegar hann ók í gegnum vegatálma Ísraela. ■

STADIÐ YFIR ELDFLAUG Palestínnumenn skutu 20 heimasmiðum eldflaugum að landnemabyggðinni í Neva Dekalim, þessi sprakk ekki.



PÁFA ÓSKAÐ BATA

Fólk tók sér stöðu fyrir framan sjúkrahúsið á þriðjudag og óskaði honum góðs bata.

Jóhannes Páll II: Páfi heim af spítala

ÍTALÍA, AP Læknar á Gemelli-sjúkrahúsinu í Róm útskrifuðu Jóhannes Pál II páfa í gær af sjúkrahúsinu. Þar hafði hann dvalið í tíu daga eftir að hann var fluttur á sjúkrahús vegna þess að hann var með flensu og átti erfitt með andardrátt.

Joaquín Navarro-Valls, talsmaður páfa, sagði að páfi hefði náð sér af öndunarerfiðleikum og að heilsu hans almennt hefði farið fram. Hann sagði páfa hafa gengist undir margvíslegar rannsóknir og að þær hefðu leitt í ljós að hann þjáðist ekki af neinum nýjum sjúkdómum. ■

Næsti Harry Potter: Selst mikið í forsölu

BRETLAND, AP Þrátt fyrir að enn séu fimm mánuðir þar til sjötta bókin um Harry Potter kemur út hafa meira en hundrað þúsund manns pantað eintak af henni hjá Bretlandsdeild netbókavergslunarinnar Amazon.

Tilkynnt var um útgáfudag bókarinnar 22. desember síðastliðinn og fór hún þegar í efsta sæti söluhlustans. Hún er gefin út með einni kápu fyrir börn og annarri fyrir fullorðna, en barnabókin hefur haldið fyrsta sætinu frá fyrsta degi og fullorðinsútgáfan ekki farið neðar en í fimmta sæti. Síðasta bók seldist í 420 þúsund eintökum áður en hún kom út. ■

Trúverðugleiki dreginn í efa

Trúverðugleiki ríkisstjórnarinnar var dreginn í efa á Alþingi í gær. Stjórnarandstaðan hélt því fram að forsætisráðherra hefði staðfest í viðtali á Stöð 2 að þrýstingur frá Bandaríkjamönnum hefði leitt til ákvörðunarinnar um stuðning við innrásina í Írak.

ALÞINGI „Við erum að tala um trúverðugleika ríkisstjórnarinnar og hvort hæstvortur forsætisráðherra Íslands fari með rétt mál,“ sagði Ögmundur Jónasson, þingmaður Vinstri grænna, í umræðu um Íraksmálið á Alþingi í gær. Tilefnið var viðtal við Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra sem sýnt var á Stöð 2 kvöldið áður, er rætt var um aðdraganda ákvörðunar forsætisráðherra og utanríkisráðherra um stuðning Íslands við innrásina í Írak í mars 2003.

Óssur Skarphéðinsson, formaður Samfylkingarinnar, benti á að í viðtalinu hefði Halldór staðfest að það hefði verið þrýstingur Bandaríkjamanna sem leiddi til þessarar ákvörðunar. „Það kom líka fram að varnarhagsmunir hefðu blandast inn í. Forsætisráðherra afsakaði þetta með því að segja að ef beiðni frá 60 ára vinabjóð hefði verið hafnað hefði orðið veruleg stefnubreyting í öryggis- og varnarmálum okkar. Það er rangt. Þarna var um ólöglegt innrásarstríð að ræða eins og Kofi Annan, ritari Sameinuðu þjóðanna, hefur marga best rökstutt. Það sem felur í sér stefnubreytingu er það að Ísland skuli styðja einhliða innrásarstríð, sem er ólöglegt, og það er líka stefnubreyting að ákvörðunin skuli hafa verið tekin án lögskipaðs samráðs við utanríkisráðgjafend,“ sagði Óssur.

Halldór sagði að Óssur færi með rangt mál. „Ég sagði í þessu viðtali að það væru engin bein



HALLDÓR ÁSGRÍMSSON FORSÆTISRÁÐHERRA Á ALÞINGI Í GÆR

Hart var deilt á forsætisráðherra á Alþingi í gær í kjölfar viðtals við hann sem sýnt var á Stöð 2 kvöldið áður. Stjórnarandstaðan hélt því fram að þar hefði hann sagt að hagsmunir Íslendinga vegna varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli hefðu spilað inn í ákvörðunina um stuðning við Bandaríkin vegna innrásarinnar í Írak.

tengsl. Ef það kemur honum á óvart að það sé náði samstarf í varnarmálum milli Bandaríkjamanna og Íslands þá er ég furðu lostinn yfir því,“ sagði Halldór.

Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstri grænna, benti á að ekki væri stafkrókur bókaður um málið í Stjórnarráði Íslands. „Það eru engin skrifleg gögn til. Það var aldrei tekin nein formleg ákvörðun á fundi,“ sagði hann.

Óssur spurði að því hvers vegna ákvörðunin hefði ekki verið rædd í ríkisstjórn. „Getur skýr-

ingin verið sú að innan ríkisstjórnarinnar hafi verið menn sem hafi verið andstæðir þessu, eins og hæstvortur landbúnaðarráðherra Guðni Ágústsson? Hver er skýringin á því að það var ekki lagt í að ræða þetta í þingflokkinum? Getur hún verið sú að það hafi verið fimm þingmenn Framsóknarflokksins sem ekki hafi verið sammála þessu? Er skýringin sú að hæstvortur ríkisstjórn hafði ekki þingmeirihluta fyrir þessu?“ sagði Óssur.

sda@frettabladid.is



SUBARU
MED HUGANN VÍÐ AKSTURINN

Subaru Legacy Wagon sjálfskiptur

Verð áður 2.790.000

Verð nú 2.590.000

=200.000

króna gengishagnaður
LEGACY

Verð á mán **29.956,-***

Í samstarfi við SP

Ingvar Helgason

Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is

*Bilssamningur SP-FJÁRMÖGNUN með 20% inngöngu og eftirstöðvar í 84 mánuði

Talstöðin:

Ný útvarpsstöð í loftið

FJÖLMÍDLAR Ný útvarpsstöð, Talstöðin, hefur útsendingar í dag. Útvarpsstöðin sendir út á tíðinni FM 90,9.

Illugi Jökulsson útvarpsstjóri segir útvarpsstöðina fyrst og fremst snúast um talað mál. Þó verði lag og lag í góðu lagi.

„Við ætlum að reyna að höfða til allra sem hafa áhuga á að hlusta á skikkanlega djúpa umræðu um lífið í landinu, samfélagið sem við lifum í, umhverfið og umheiminn,“ segir Illugi.

Útsending hefst í morgunsárið, fimm mínútur yfir sjö. Fréttir

verða stundarfjórðungslega frá þeim tíma til nú á morgnana. Fastir dagskrárgerðarmenn stöðvarinnar eru sjö en fjöldi manna verður með þætti á stöðinni. Sjálfur ætlar Illugi að stjórna þættinum Á kassanum mínútu fyrir sex síðdegis: „Þar verður farið í gegnum það sem hefur verið að gerast á stöðinni hjá okkur.“

Illugi stjórnar einnig nær tuttugu ára gömlum þætti sínum, Frjálsar hendur, sem áður var á dagskrá RÚV á sunnudagskvöldum.



STARFSMENN TALSTÖÐVARINNAR Útvarpsstjóri segir nokkurra vikna undirbúning hugsanlega ekki þykja mikið erlendis en þau séu tilbúin í slaginn. Hér má sjá nokkra dagskrárgerðarmenn stöðvarinnar: Helga Vala Helgadóttir, Ragnheiður Gyða Jónsdóttir, Oddur Ástráðsson og Hallgrímur Thorsteinsson.

Talstöðin er í eigu 365 – ljós-vakamiðla. - gag

Donald Rumsfeld: Sætir ekki rannsókn

ÞÝSKALAND, AP Þýskir saksóknarar hyggjast ekki hefja rannsókn á því hvort Donald Rumsfeld, varnarmálaráðherra Bandaríkjanna, sé ábyrgur vegna fangapynntinga í Abu Ghraib-fangelsinu í Írak.

Bandarískir lögmenn kærðu Rumsfeld í Þýskalandi þar sem þeir töldu löggjöfina gefa kost á að láta hann svara til saka. Samkvæmt þýskum lögum er hægt að ákæra menn fyrir stríðsglæpi og mannréttindabrot óháð því hvers lenskir þeir eru og hvar brotin eru framin.

Þýski ríkissaksóknarinn segir hins vegar réttast að málið verði tekið fyrir í Bandaríkjunum eða fyrir alþjóðlegum dómstól. ■

Frjósöm móðir:

Tvö börn á 59 dögum

RÚMENÍA Rúmensk kona eignaðist syni með tveggja mánaða millibili. Konan er með tvö leg og þó ein af hverjum 50 þúsund konum sé talin vera með tvö leg telja læknar þetta vera í fyrsta skipti sem kona verður ófrísk að tveimur börnum, sitt í hvoru leginu, samtímis.

Að sögn breska blaðsins The Independent átti Maria Tescu soninn Valentin fyrir tveimur mánuðum og soninn Catalin 59 dögum síðar. Barneignirnar eru ekki síst merkilegar fyrir þær sakir að læknar sögðu henni fyrir átta árum að hún gæti ekki eignast börn. ■

Loðnan:

Komin að Ingólfshöfða

LOÐNUEVIÐAR Loðnan hefur síðustu daga verið á hraðri vesturleið og er nú komin að Ingólfshöfða. Veidarnar hafa gengið fremur erfiðlega síðustu daga vegna þess hversu dreifð loðnan hefur verið en sjómenn binda vonir við að hún fari að þetta sig. Flest loðnuskipin eru komin með grunnloðunætur enda loðnan að ganga á grunnslóð. - kk

TAKK FYRIR



KB banki þakkar fyrir Íslensku þekkingarverðlaunin árið 2005

Bankinn grundvallar forystuhlutverk sitt á íslenskum fjármálamarkaði og öfluga sókn á erlendum vettvangi á því að virkja með markvissum hætti þann mannauð sem fyrirtækið býr yfir. Fyrir hönd þess stóra og öfluga hóps tekur KB banki stoltur við þessari viðurkenningu.

KB banki mun hér eftir sem hingað til kappkosta að efla þekkingu sína á sviði fjármála og nýta hana til heilla fyrir viðskiptavinum, hluthafum og íslenskt samfélag.

GENGIÐ

GENGI GJALDMÍÐLA 10.02.2005

	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur USD	63,05	63,35
Sterlingspund GBP	117,29	117,87
Evra EUR	80,62	81,08
Dönsk króna DKK	10,83	10,90
Norsk króna NOK	9,56	9,62
Sænsk króna SEK	8,88	8,93
Japanskt jen JPY	0,59	0,60
SDR	XDR	94,73 95,29

Gengisvísitala krónunnar
111,30 -0,06%

Heimild: Seðlabanki Íslands

4

Bruninn í Grindavík:

700 milljóna króna tekjutap

BRUNI Íslendingar verða hugsanlega af 700 milljónum króna vegna brunans í fiskimjölsverksmiðju Samherja í fyrradag að mati sjávarútvegsráðherra. Þetta kom fram á fundi Árna Mathiesen ráðherra með Ólafi Erni Ólafssyni bæjarstjóra í Grindavík, Guðjóni Hjörleifssyni formanni sjávarútvegsnefndar Alþingis og Þorsteini Má Baldvinsyni forstjóra Samherja í gær.

Ráðherra sagði að í ljósi afkastagetu verksmiðjunnar og ríflegum loðnukvóta mætti gera ráð fyrir að tapið yrði þetta mikið. Á fundinum kom þó einnig fram að Þorsteinn Már er bjartsýnn á að

hægt sé að vinna hrogn og frysta loðnu í Grindavík. „Þetta er auðvitað mikið áfall fyrir bæinn og búsifjar fyrir hafnarsjóð,“ segir Ólafur Örn Ólafsson. „Það jákvæða í þessu er þó að Samherji virðist reiðubúinn til að leggja nokkuð á sig til að frysta loðnu hér og vonandi tapast ekki miklar tekjur eða störf.“

-bs

Á VETTvangi

Ólafur Örn Ólafsson, Þorsteinn Már Baldvinsyni, Ármann Kr. Ólafsson aðstoðarmaður ráðherra, Guðjón Hjörleifsson, Ómar Jónsson forseti bæjarstjórnar Grindavíkur og Árne M. Mathiesen.



MINNSTA BARNIÐ

Stúlkan Rumaisa er talin minnsta barn sem fæðst hefur og lifað af.

Lífseig stúlka:

Vó eina mörk við fæðingu

BANDARÍKIN, AP Kornabarn sem vó tæplega eina mörk við fæðingu og var 23 sentimetrar á lengd er komið heim til sín.

Stúlkubarnið fæddist 19. september í Chicago og er talið minnsta barn sem fæðst hefur lifað af. Það er nú um tíu merkur og 43 sentimetrar á hæð. Litla stúlkan fær enn aukasjúfni allan sólarhringinn en læknar telja samt allar líkur á að hún eigi eðlilega ævi fram undan. Vegna veikinda móðurinnar var stúlkan tekin með keisaraskurði eftir rúmlega fimm mánaða meðgöngu. ■

Sléttbakur:

Kanadísk hjón kaupa

EYJAR Kanadíska útgerðarfyrirtækið Osprey Marine, sem er í eigu hjónanna Ron og Hetty Mann, hefur gert tilboð í togarann Sléttbak frá Akureyri. Þetta er sama fyrirtæki og gerði tilboð í Stíganda frá Vestmannaeyjum í fyrra. Stígandi er í eigu Þorsteins Viktorssonar.

Tilboði Kanadamannanna í Stíganda var tekið og greitt inn á skipið en síðan kom upp ágreiningur um afhendingu og náðist ekki samkomulag. Þetta mál er í málaferlum í dag.

-ghs

Ráðherra vill konur í stjórnir

Valgerður Sverrisdóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, hvetur stjórnarformenn 80-90 helstu fyrirtækja í landinu til að beita sér fyrir því að konur fái tækifæri í stjórn og hefur sent þeim bréf þess efnis, þó ekki þeim fyrirtækjum sem hafa staðið sig vel.

VIÐSKIPTI Valgerður Sverrisdóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, hefur sent stjórnendum 80-90 helstu fyrirtækja landsins bréf þar sem hún hvetur þá til að beita sér fyrir því að konur fái tækifæri í stjórn. Ráðherra útskýrir að þátttaka íslenskra kvenna í stjórn skráðra fyrirtækja sé minni hér en í öðrum samburðarlöndum. Aðeins tvær konur hafi verið í stjórn skráðra félaga hér í fyrra. Engin sérstök ástæða sé fyrir því að íslenskar konur hafi ekki tekið sæti í stjórn.

„Ég vil beita mér fyrir því að íslensk fyrirtæki skoði möguleg tækifæri fyrir konur í stjórn þeirra og taki upp betri hætti. Þannig er hægt að benda á að í stað lagasetningar um þátttöku kvenna í stjórnnum geti fyrirtækin sjálf tekið sig á í þessum efnunum. Nú eru aðalfundir í vændum og hvet ég þig til þess að beita þér fyrir því að konur fái aukid tækifæri í stjórn,“ segir Valgerður í bréfinu. „Þetta eru vinsamleg tilmæli.



VALGERÐUR SVERRISDÓTTIR

Iðnaðar- og viðskiptaráðherra hefur sent stjórnarformönnum fyrirtækja bréf þar sem hún hvetur þá til að fá konur til að setjast í stjórn.

Með þessu er ég að hvetja til uppbyggilegrar umræðu um þessu mál. Það eru mikil fundahöld fram

undan og þess vegna sendi ég bréfið núna. Ég vonast til að það sé hægt að ná árangri án atbeina löggjafans,“ segir hún og vill ekki segja hvað gerist ef árangur verður ekki viðunandi. „Þetta er mitt útspil á þessum tímapunkti, á vinsamlegum nótum.“

Ara Edwald, framkvæmdastjóra Samtaka atvinnulífsins, finnst allt í góðu lagi að ráðherra sendi svona bréf enda gefur hann sér að bréfið gefi ekki í skyn neitt boðvald heldur sé bara um einfalda hvatningu að ræða. „Það er öllum frjálst að reyna að hafa áhrif á þróun mála með slíkri hvatningu,“ segir hann.

Rannveig Rist, forstjóri Ísal og stjórnarformaður Símans, telur allt í lagi að ráðherra hafi skoðun á þessu máli og hvetji til þess að konur fái sæti í stjórn. Jafnréttismálin séu að mörgu leyti á leið aftur á bak. Konur hafi menntun en séu ekki sýnilegar. Frammistæða kvenna almennt í samfélaginu eigi að duga þeim til að veljast í stjórn fyrirtækja.

ghs@frettabladid.is

Lögreglan á Egilsstöðum:

Kannar leyfi Litháa

KÁRAHNJÚKAR Atvinnuleyfi Litháa, sem eru að störfum hjá Impregilo á Kárahnjúkum, eru til rannsóknar hjá lögreglu á Egilsstöðum.

Oddur Friðriksson, aðaltrúnaðarmaður á Kárahnjúkum, segir að Útlendingastofnun virðist hafa aðra sýn á þessi mál en Vinnuálastofnun. Litháarnir hafi 90 daga dvalarleyfi frá Útlendingastofnun. Þeir koma í staðinn fyrir Íslendinga sem var sagt upp störfum.

„Þetta er það sama og á Reykjavíkursvæðinu. Mennirnir koma inn í landið á þjónustusamningum í gegnum þjónustufyrirtæki erlendis,“ segir Oddur. ■

Styttra nám:

Umræðan á villigötum

SKÓLAMÁL Umræða um styttingu framhaldsskólanáms er á villigötum, segir Stefán Jón Hafstein, formaður fræðsluráðs Reykjavíkurborgar:

„Ég tel að það hljóti að verða þannig í framtíðinni að í staðinn fyrir að hugsa um skólastig sem sérstakt hölf sem eigi að stytta, lengja eða breyta, þá eigi að horfa á einstaklingsmiðað nám frá unga aldri til stúdentsprófs. Það þýðir að ólíkir einstaklingar fara á mismörgum hraða í gegnum skólaferfið.“

Stefán sat ráðstefnu Fræðslumjóðstjórnar Reykjavíkur um einstaklingsmiðað nám á miðvikudag.

-gag



STEFÁN JÓN HAFSTEIN

Breytingar hjá borginni:

Vilja láta gera úttekt

BORGARMÁL Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins vilja að Innni endurskoðun Reykjavíkurborgar geri úttekt á þeim stjórnkerfisbreytingum sem staðið hafa yfir frá því sumarið árið 2002. Tillaga þessa efnis var lögð fyrir borgarráð í gær en afgreiðslu hennar frestað.

Samkvæmt tillögunni vilja sjálfstæðismenn meðal annars fá upplýsingar um heildarkostnað vegna breytinganna og hversu margir starfsmenn hafi skipt um störf og muni skipta um störf vegna þeirra.

-th

Stór og fallegur humar

Risarækjurnar eru komnar aftur!!

Fiskbúðin Vör
— Fiskikóngurinn —

Höfðabakka 1 - sími 587 50 70
Opíð laugardaga 10-14:30

Veðrið

ÚRKOMA SUNNAN OG VESTAN


Aðgerðalítið veður er í kortunum fyrir daginn. Áfram verður þó úrkomuloft yfir sunnan og vestanverðu landinu og þar sem hitinn er víða við eða yfir frostmarki fellur þetta líklegast sem slydduél syðra en él með vesturströndinni.

HELGARVEÐRIÐ Á laugardag verður fremur stífur vindur með ströndum sunnan til framan af degi og á Norðausturlandi síðdegis. Á sunnudag verður allhvasst allra austast annars hægar. Vaxandi suðaustanátt síðdegis og hlynar.



Kveðja, Sigurður Ragnarsson, veðurfraeðingur

Í dag



Veðrið úti í heimi í dag

Kaupmannahöfn	6°C skýjað	Paris	13°C alskýjað	Torrevieja	17°C skýjað
Oslo	3°C léttskýjað	Prag	5°C léttskýjað	Róm	13°C skýjað
Stokkhólmur	4°C skýjað	Amsterdam	8°C skýjað	New York	4°C léttskýjað
London	9°C skýjað	Varsjá	5°C alskýjað	Miami	19°C léttskýjað

Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggt á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknuð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.

Ódýrt um helgina

Kjöt & fisktorgið

Lambahryggur

TILBOÐ

899 kr/kg

Verð áður 1.295,-



Villikryddað
hátiðarlambalæri

TILBOÐ

899 kr/kg

Verð áður 1.299,-

Kjöt & fisktorgið

Lambalæri

TILBOÐ

899 kr/kg

Verð áður 1.199,-

Holta-
kjúklingur

50%
afsláttur við
kassa

Læri og leggir

TILBOÐ

349 kr/kg

Merkt verð 699,-



TILBOÐ

499 kr/stk

Verð áður 689,-

Fyrirtaks lasagne 750 gr.



TILBOÐ

169 kr/stk

Verð áður 254,-

Myllu heilhvæiti samlokubrauð



TILBOÐ

299 kr/pk

Honey Nut Cheerios 567 gr.

Coco Puffs 553 gr.

Gildir til 13. febrúar eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP

Skemmtilegast að versla



KJÖRKASSINN

Ertu sátt(ur) við að Selma Björnsdóttir verði fulltrúi Íslands í Eurovision?

Niðurstöður gærdagsins á [visir.is](http://www.visir.is)

Já	63%
Nei	37%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Eiga þingmenn að fá að klæðast alþýðlegri fatnaði á þingi??

Farðu inn á fréttahluta [visir.is](http://www.visir.is) og segðu þína skoðun



Reyndi að smygla kókaíni og LSD: Gæsluvarðhaldið enn framlengt

LÖGREGLUFRETTIR Gæsluvarðhald yfir brasilískri konu, sem reyndi að smygla 850 grömmum af kókaíni og um tvö þúsund skömmtum af LSD, var nú í vikunni framlengt til 22. mars.

Konan, sem er 26 ára, kom til landsins rétt fyrir jól og við tollleit fannst kókaínið í pakkningum sem huldu nánast læri hennar. Efnunum var það vel komið fyrir að vart mátti greina pakkningarnar þó konan hafi verið í frekar þröngum buxum. Við nánari athugun kom í



KÓKAÍN OG LSD

Brasilíska konan reyndi að smygla tölverðu magni af eiturflyfum til landsins.

ljós að hún var með mikinn fjölda smárra taflna falinn í leggöngunum. Við efnagreiningu reyndust tölflurnar vera LSD. Konan kom til landsins 21. desember og hefur setið í gæsluvarðhaldi síðan. Líkur eru taldar á að konan sé burðardýr en enginn annar hefur verið handtekinn vegna málsins. Oft reynist erfitt að hafa upp á eignum fíkniefnanna vegna þagmælsku burðardýranna og skorts á sönnunargögnum. Við lok rannsóknar á málinu verður það sent Ríkissaksóknara, sem kemur til með að gefa út ákæru á hendur konunni.

- hrs

Reykjanesbær: Atlantsolía fær lóð

LÓÐAMÁL Samþykkt var að Atlantsolía skyldi fá úthlutað lóð við Hólagötu í Njarðvík á fundi umhverfis- og skipulagsráðs Reykjanesbæjar á miðvikudag.

Hugi Hreiðarson, talsmaður Atlantsolíu, segist gleðjast yfir þessari ákvörðun og hún marki tímamót fyrir fyrirtækið, sem færir nú kvíarnar út fyrir höfuðborgarsvæðið. Fram kemur í fundargerð ráðsins að engar atvugasemdir hafi verið gerðar í grenndarkynningu sem hefðu áhrif á erindið og var það því samþykkt.

- bs

Íslendingur á þrítugsaldri: Áfram í haldi

GÆSLUVARÐHALD Íslendingi á þrítugsaldri var gert í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær að sæta gæsluvarðhaldi í þrjár vikur til viðbótar, en hann var handtekinn fyrir þátttöku í fíkniefnasmygli í lok janúar. Vegna sama máls situr þýskur maður í gæsluvarðhaldi en hann var tekinn með fjögur kíló af amfetamíni á Keflavíkurflugvelli þann 26. janúar síðastliðinn.

Íslendingurinn var handtekinn eftir að hafa gert tilraun til að taka við fíkniefnunum. Hann lagði á flóttu undan lögreglunni en náðist á hlaupum í Vesturbænum. Gæsluvarðhald yfir Þjóðverjanum rennur út eftir tæpa viku.

- hrs

Skotinn til bana: Gíslataka í grunnskóla

SUBUR-AFRÍKA, AP Vopnaður maður sem tók tíu ára nemandu við grunnskóla í Höfðaborg í gíslingu og skaut og særði kennara var skotinn til bana af lögreglu.

Gíslátökumaðurinn hafði verið á ferli við skólann frá því snemma um morguninn áður en hann lét til skarar skríða. Þegar hann var spurður út í veru sína sagðist hann vera að bíða eftir einum kennaranna. Seinna tók hann nemandu í gíslingu og skaut kennara. Kennarinn særðist og var fluttur á sjúkrahús en var ekki í líffshættu.

Uppgreiðslurnar námu milljarði

Uppgreiðslur lána hjá Bygðastofnun námu tæpum 1.100 milljónum króna frá 1. september 2004 fram til dagsins í dag. Það er um 8-9 prósent af heildarútlánunum. Uppgreiðslurnar hafa dregist umtalsvert saman upp á síðkastið.

SAUBÁRKRÓKUR Uppgreiðslur lána hjá Bygðastofnun námu tæpum 1.100 milljónum króna frá 1. september 2004 fram til dagsins í dag. Það er um 8-9 prósent af heildarútlánunum. Uppgreiðslurnar hafa dregist umtalsvert saman upp á síðkastið en Aðalsteinn Þorsteinson, forstjóri Bygðastofnunar, vill ekki nefna neina tölu. Segir starfsfólkið bara merkja það í sínum daglegu störfum.

Uppgreiðslurnar voru sérstaklega miklar í september og október á síðasta ári en það tímabil var „mjög bratt“ þegar bankarnir fóru inn á fasteignalánamarkaðinn og lækkuðu vexti. „Okkur fannst svolítið skrítið að það skyldi koma heimikil skríða því að við erum ekki í íbúðalánunum en það segir okkur bara að það er eitthvað að smitast þarna á milli. Menn voru að nýta þá fjármuni í ýmsa hluti, það er alveg ljóst,“ segir Aðalsteinn.

Fjármál Bygðastofnunar hafa



AÐALSTEINN ÞORSTEINSSON

Forstjóri Bygðastofnunar segir að í Bygðastofnun þurfi menn að setjast niður og meta stöðuna. „Menn þurfa að velta fyrir sér hver er tilgangurinn með starfsemi og í hvaða búningi hún þarf að vera til að geta starfað.“

talsvert verið til umræðu en Herdís Á. Sæmundardóttir, stjórnarformaður Bygðastofnunar, lagði fram þingsályktunartillögu um að ríkisstjórninni verði falið að veita stofnuninni einn milljarð króna. Aðalsteinn segir að ekki megi verða mikið framhald á uppgreiðslunum. „Ég vil meina að það hafi dregið verulega úr þessari þróun og ákveðið jafnvægi sé komið á. Ég myndi ekki vilja sjá uppgreiðslurnar verða mikið fleiri.“

Bygðastofnun hefur takmarkað svigrúm til að bregðast við þróuninni en lækkaði þó vexti 1. desember. Aðalsteinn segir að við það

hafi heldur dregið úr þróuninni. Þá segir hann að verði breytingar á gengi krónunnar til lækkunar síðar á árinu eins og sumar greiningardeildir bankanna gera ráð fyrir þá geti það haft breytingar í för með sér. Vextir á langtímalánum og framkvæmdalánum eigi tæplega eftir að hækka aftur.

„Þessi staða leiðir til þess að við hér í Bygðastofnun þurfum að setjast niður og meta stöðuna,“ segir hann. „Menn þurfa að velta fyrir sér hver er tilgangurinn með starfsemi og í hvaða búningi hún þarf að vera til að geta starfað.“

ghs@frettabladid.is

Saddam Hussein: Réttað á næsta ári

ÍRAK Ekki verður réttað í máli Saddams Hussein fyrr en á næsta ári að sögn bandaríska dagblaðsins The New York Times. Áður verður réttað yfir nokkrum samverkamönnum hans og hefjast fyrstu réttarhöldin í vor.



FYRRVERANDI EINRÆÐISHERRA
Saddam var handsamaður í desember 2003.

Farið verður fram á dauðarefsingu yfir þeim sem fundnir verða sekir um verstu glæpi Íraksstjórnar. Meðal þeirra fyrstu sem verða dregnir fyrir rétt er Ali Hassan al-Majid, frændi Saddams sem er betur þekktur sem Efnavopna-Ali. Hann er maðurinn sem stýrði efnavopnaárásunum á Íraska Kúrda á seinni hluta níunda áratugar síðustu aldar.

SLYSAVARNIR

NÝTT BJÖRGUNARSKIP Nýtt björgunarskip Slysavarnafélagsins Landsbjargar er væntanlegt til Hornafjarðar í vor. Skipið er af ARUN-gerð, smíðað 1985 en endurbyggt 2002. Tvær 485 hestafla aðalvélar eru í skipinu og ganghraði þess er 17 sjómílar en sex manns verða í áhöfn. Kostnaður við skipið og búnaðinn um borð er um 20 milljónir króna.

BANDARÍKIN

SKAR HÖFUÐLEÐRIÐ AF Kona skar höfuðleðrið af sextán ára stúlku í Idaho þar sem henni þótti hegðun stúlkunnar niðrandi fyrir konur. Höfuðleðrið fannst en ekki tókst að festa það á höfuð stúlkunnar og var húð af læri hennar grædd á höfuðið í staðinn.

Karl prins og Camilla Parker-Bowles ganga í hjónaband:

Giftist Karli en verður ekki drottning

KÓNGAFÓLK Áralöngum vangaveltum um framtíð Karls prins og Camilla Parker-Bowles var svarað í gær þegar Karl sendi frá sér yfirlýsingu um að þau ætli að ganga í hjónaband 8. apríl. Þau verða gefin saman við borgarlega athöfn en verða að henni lokinni viðstödd bænastund í Kapellu heilags Georgs.

Camilla tekur titilinn hennar konunglega hátign hertogaynján af Cornwall þegar hún og Karl giftast. Hún verður þó ekki drottning þegar hann verður konungur heldur verður hún prinsessa.

Samband Karls og Camilla á sér langa sögu. Þau kynntust árið 1970, felldu hugi saman en fóru svo hvort sína leið. Þau endurnýjuðu ástarsamband sitt nokkrum árum eftir að Karl kvæntist Díönu prinsessu og hafa búið saman síð-



KARL OG CAMILLA

Samband Karls og Camilla á sér langa sögu. Þau kynntust fyrst árið 1970.

ustu ár. Breskur almenningur brást illa við sambandi þeirra og varð Camilla ósjaldan fyrir aðkasti á götum úti.

Elísabet drottning lagði bless-

un sína yfir fyrirhugað brúðkaup Karls og Camilla og lýsti ánægju sinni með það í yfirlýsingu. Sama gerði Tony Blair forsætisráðherra.

SÝNING UM HELGINA



Verið velkomin á sýningu hjá okkur um helgina, þar sem við sýnum það nýjasta sem í boði er fyrir þá sem vilja njóta þess að ferðast á fyrsta farrými um landið í sumar.

Opið:

Föstudag 10 - 18
Laugardag 12 - 16
Sunnudag 13 - 17



EYJARSLÓÐ 7 • SÍMI 511 2203 • www.seglagerdin.is

Á Grunnnetið að tryggja samkeppni eða einokun?

Stjórnvöld hafa ákveðið að selja Landssíma Íslands á næstunni. Það er ánægjuefni. Vandinn er annar: Sjálf þjóðbraut fjarskipta, Grunnnetið, fylgir með í sama pakka.

Nýr eigandi mun eignast markaðsráðandi fyrirtæki á íslenskum fjarskiptamarkaði. Þetta sama fyrirtæki mun jafnframt stýra aðgangi keppinauta sinna að Grunnnetinu.


Hvers vegna er það varhugavert?

1. Fyrirtækið getur tafið umsóknir keppinauta sinna um aðgang að Grunnnetinu
2. Fyrirtækið getur verðlagt keppinauta sína út af markaðnum
3. Fyrirtækið fær óeðlilegar upplýsingar um markaðsáform keppinauta sinna

Þessi staða heftir samkeppni á íslenskum fjarskiptamarkaði.

Við teljum að það henti ekki hagsmunum neytenda!

Við hvetjum Íslendinga til að kynna sér málið.



Tryggjum frjálsa samkeppni í fjarskiptum á Íslandi



VEISTU SVARID?

- 1 Hvaða verksmiðja í Grindavík varð eldi að bráð í fyrradag?
- 2 Hvað hét forstjóri FBI sem njósnaði um Halldór Laxness?
- 3 Í hvaða veshlunarkeðju hefur Baugur gert tilboð?

SVÖRIN ERU Á BLS. 38

Aðhaldsaðgerðir við Háskóla Íslands:

Nemendum fækkaði um 321

HÁSKÓLANÁM Vegna aðhaldsaðgerða við Háskóla Íslands fækkaði nemendum hans um 321 milli ára. Nemendum fækkaði um sjö árið 1996 og 445 árið 1992.

Páll Skúlason, rektor Háskóla Íslands, segir að neita hafi þurft fólki án stúdentsprófs sem sótt hafi um nám á haustönn um aðgang. Ástæðan sé að ríkið greiði ekki fyrir alla virka nemendur við skólann. Fólkið hafi fengið undanþágu í janúar og nemendum hafi því ekki fækkað á vorönn.


Páll segir að þar sem ríkið greiði ekki með öllum nemendum

um gæti þurft að grípa til enn frekari aðgangstakmarkana. „Við höfum ekki viljað gera það. Við höfum talið eðlilegt að byrja á því að hleypa ekki þeim inn sem hafa ekki formlegan rétt til námsins.“

Mikil ásókn hefur verið í Háskólann síðustu ár. Nemendum Háskólans hefur fjölgað um tæp-

an þriðjung frá árinu 2000. Þeim fækkar nú á sama tíma og fjölgar í háskólanámi almennt um rétt tæp þrjú prósent, samkvæmt tölum Hagstofunnar.

- gæg



Kjötkeðjuhátíð:

Keyrði yfir fjölda fólks

ANGÓLA, AP Tuttugu manns létu lífið þegar bílstjóri vörubíls missti stjórn á honum og keyrði inn í þyrpingu fólks sem tók þátt í kjötkeðjuhátíð. Um það bil sjötíu manns til viðbótar slösuðust.

Bílstjórinn missti stjórn á bíl sínum þegar hann var á leið niður hæð fyrir ofan Lubango þar sem fimmtán þúsund manns tóku þátt í kjötkeðjuhátíð í útjaðri borgarinnar. Vörubíllinn fór í gegnum tvo vegatálma lögreglu áður en hann lenti á fólkinu.

Ökumaður vörubílsins lifði slysið af og tók lögregla hann höndum. ■

VERTU UPPLÝSTUR

SVILASLAGUR Í SAMFYLKINGU SKOÐANAKÖNNUN OG ÚTTEKT

MANNLIF

Febrúar 2005 2. töl. 22. árg. 899 kr. m.vsk.

BANKASTJÓRINN MED BARNANDLITID
NÆRMYND AF B.JARNA ÁRMANNSSYNI

EINN MED MÓDURLAUSA PRÍBURA
SIGURDUR H. GARDARSSON
SKIPSTJÓRI MISSTI EIGNKÖNU
SINA FRÁ FIMM ÁRA BÖRNUM

LEYNISKJÖL!
FBI GEGN LAXNESS

Mannlíf birtir skjöl sem ekki hafa birst áður. Þau sýna að mál Nóbelskaldsins var á hönd J. Edgar Hoover, forstjóra FBI.

Brýn verkefni víðar

Í Árborg og á Akranesi lýsa menn stuðningi við Suðurnesjamenn hvað varðar Reykjanesbraut en benda á að víða annars staðar sé pottur brotinn.

SAMGÖNGUR „Réttlættingin fyrir því að frekari tvöföldun Reykjanesbrautarinnar var ákveðin þrátt fyrir að annars staðar sé umferð meiri og þyngri er fyrst og fremst vegna öryggisþátta,“ segir Sturla Böðvarsson samgönguráðherra. Ákveðið hefur verið að bjóða það verk út í vor meðan vegir á borð við Vesturlandsveg og Suðurlandsveg, þar sem umferð er mun þyngri og á köflum jafn hættuleg, bíða seinni tíma.

Meðan margir hafa orðið til að fagna ákvörðun ráðherra eru þeir einnig til sem gagnrýna hana og benda á að svo virðist sem mikill þrýstingur frá Suðurnesjamönnum hafi vegið þungt við ákvarðanatökuna. Slíkt sé óeðlilegt þrátt fyrir að flestir geti verið sammála um að Reykjanesbrautin þurfi sannarlega öll að vera tvíbreið.

Samgönguráðherra sjálfur segir að meginatriðið varðandi Reykjanesbrautina hafi verið öryggisþáturinn og einnig sé mikilvægt að hafa í huga að um hana fara flestir þeir ferðamenn sem hingað til lands koma.

Helgi Helgason, staðgengill Einaris Guðna Njálssonar, bæjarstjóra Árborgar, sem er í leyfi, segir sitt mat að forgangsröðun ráðherra sé undarleg. „Ég vil alls ekki gera lítið



FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

REYKJANESBRAUTIN

Útboð á frekari tvöföldun hennar fer fram strax í vor að sögn samgönguráðherra.

úr öðrum verkefnum á borð við tvöföldun Reykjanesbrautarinnar en sannleikurinn er sá að við hér í Árborg höfum löngum barist fyrir samgöngubótum hér á Suðurlandi með litlum árangri og það virðist vera svo að þessar reglubundnu leiðir hafi minni áhrif en til að mynda sá þrýstingur sem almennig á Suðurnesjum setti á ráðherrann vegna Reykjanesbrautar.“

Sveinn Kristinsson, forseti bæjarstjórnar Akraness, furðar sig einnig á forgangsröðun samgönguráðherra. „Ég vil óska Suðurnesja-

mönnum til hamingju með þennan áfanga en á sama tíma vekja athygli á að ríkið hefur verið að veita miklu fé þangað síðustu misseri og skemmst er að minnast viðbyggingar við Flugstöð Leifs Eiríkssonar sem kostaði um þrjú milljarða króna. Ég dreg ekki í efa rök ráðherrans fyrir því að velja stækkun Reykjanesbrautar fram yfir aðra kosti en eitt verður yfir alla að ganga og að mínu viti ætti ráðherrann að líta nær sínum heimahögum hér á Vesturlandi.“

albert@frettabladid.is



Pantaðu ráðgjöf á kbbanki.is eða komdu við í næsta útibúi KB banka.

KB ATVINNULÍF

Sérsniðin þjónusta fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki

KB banki býður rekstraraðilum smærri og meðalstórra fyrirtækja persónulega, faglega og skjóta þjónustu í fjármálum, hvort heldur er á sviði rekstrar eða einkafjármála.

KB BANKI
- kraftur til þín!
www.kbbanki.is



MYND AP

YFIR FIMM MILLJÓNIR SMITAÐRA
Ný lyf gegn HIV-veirunni eru nú reynd á fólki á Indlandi.

Alnæmi á Indlandi: Lyf prófuð á fólki

TAÍLAND Tilraunalyf gegn HIV-veirunni sem veldur alnæmi eru nú reynd á fólki á Indlandi en Indverjar eru meðal þeirra þjóða þar sem alnæmisfaraldurinn er hvað verstur og er talið að allt að 5,5 milljónir manna séu sýktar.

Aðeins í Suður-Afríku eru fleiri íbúar smitaðir af veirunni en á Indlandi og óttast sérfræðingar að talan á Indlandi geti þrefaldast fyrir árið 2010. Lyfið sem um ræðir er enn á tilraunastigi og segja vísindamenn að líða þurfi tvö ár áður en í ljós komi hversu áhrifaríkt það er í raun gegn þessari mannskæðu veiru. ■

Ránið á Bengtsson:

Einn maður handtekinn

SVÍÐJÓÐ Einn hefur verið handtekinn grunaður um að eiga þátt í ráni á sænska stórforstjóranum Fabian Bengtsson. Að sögn sænska Aftonbladet er hinn grunaði þekktur fyrir ofbeldisverk en lögreglan hefur neitað að upplýsa hver maðurinn er.

Maðurinn var á flótta erlendis þegar hann var handtekinn, en ekki hefur þó verið upplýst hvar hann var handtekinn.

Expressen segir lögreglu vita hverjir mannræningjarnir eru. Þeirra er leitað erlendis. Þá hefur Aftonbladet eftir lögreglu að samtali gefi til kynna að einn ræningjanna hafi talað frönsku og annar sé frá Austur-Evrópu. - bþg

Impregilo:

Viðræður um kjaramál

KJARAMÁL Viðræður eiga sér stað milli verkalyðshreyfingarinnar og stjórnenda Impregilo um bönusgreiðslur til handa starfsmönnum. Oddur Friðriksson, aðaltrúnaðarmaður á Kárahnjúkum, segir að þetta sé „í jákvæðri umræðu“ og vill ekki tjá sig um málið að öðru leyti. ■



allir anda léttar



Securitas
öryggi

ef þú byrjar flugið á bílnum

Komdu á bílnum að Leifsstöð næst þegar þú ferð utan. Við setjum hann í örugga geymslu meðan þú ert erlendis, þrífum hann ef þú vilt og við heimkomu stígur þú upp í hann tándurhreinan. Enginn þarf að vakna um miðja nótt til að skutla þér. Enginn þarf að fá frí úr vinnu til að sækja þig.

Tryggðu þér Securitas öryggi

Njóttu góðrar ferðar.



EFTIRMÁL: NÓATÚN BRENNUR

Reisa nýja og betri verslun

Verslun Nóatúns í JL-húsinu við Hringbraut brann til kaldra kola 13. desember síðastliðinn. Verslunin var mannlus þegar eldurinn kom upp og urðu engin slys á fólki. Allt innviði búðarinnar varð þó eldinum að bráð en talið var að eldurinn hefði kviknað við kjötborð verslunarinnar. Verslun Nóatúns var eina svæði byggingarinnar sem skemmdist í eldinum.

Hundrað milljóna tjón

Að sögn Kristins Skúlasonar, markaðsstjóra Nóatúns, var tjónið í eldsvoðanum heilmikið og nemur nokkur hundruð milljónum króna. Hann segir að allt gólfíð hafi skemmt sem og loftið og hafi þurft



að hreinsa allt út úr versluninni. Því starfi verði hins vegar ekki lokið fyrr en eftir nokkra daga eða vikur og þá verði húsnæðið afhent til uppbyggingar. Til allrar lukku hefur starfsfólkið ekki þurft að vera án atvinnu á meðan, því hægt er að færa það á milli verslana.

Ný og betri verslun

Kristinn segir að enn sé ekki komin tímasetning á hvenær verslun Nótúns í JL-húsinu opnar; gerð verði áætlun um það þegar Kaupás, sem á verslanir Nótúns, fær húsnæðið afhent. „Við ætlum bara að gera betur og opnum nýja og enn þá betri verslun einhvern tímann á næstu vikum,“ segir Kristinn.

SVONA ERUM VIÐ



ÍSLENSKA VÍSITÖLUHEIMILIÐ VERÐ ARLEGA 32.258 KRÓNUM TIL SKÓKAUPA.

Höfuðborgarbúar eru örlátari á fé til skókaupa en íbúar landsbyggðarinnar. Heimild: Hagstofa Íslands.

24 stundir

Dekur fyrir Valentínusardaginn



Dekuraskja sem inniheldur body lotion, sturtugel, kornagel, baðsalt, baðtöflu og ilmkerti. Einstakt dekur fyrir elskuna þína.

Verð 3.490 kr.

Dekuraskjan er fánleg í verslunum Bláa Lónsins í heilsulind, að Aðalstræti 2 í Reykjavík, í netverslun og í Lyf og heilsu Kringlunni.



Valentínusarhelgi

2 fyrir 1 í Bláa Lónið - heilsulind. Gildir einungis gegn framvísun miðans.

Gildir dagana 12. – 14. febrúar 2005.

www.bluelagoon.is • bluelagoon@bluelagoon.is • 420 8800

Pressuball á morgun

Blaðamannaverðlaunin 2004 verða afhent á Pressuballi Blaðamannafélags Íslands á Hótel Borg á morgun. Verðlauninum var komið á fót á síðasta ári og um leið var lífi blásið í Pressuböllin sem þóttu með finustu böllum bæjarins í eina tíð.



VERÐLAUNAHAFAR 2003

Reynir Traustason, Brynhildur Ólafsdóttir og börn Agnesar Bragadóttur, þau Sunna og Sindri Viðarsbörn.

Blaðamenn og makar þeirra hafa verið tíðir gestir í fatahreinsunum bæjarins í vikunni enda áhersla lögð á snyrtilegan klæðnað á Pressuballinu. Menn vilja vitaskuld vera sjálfum sér og miðli sínum til sóma og gamall sósúblettur getur auðveldlega spillt fyrir. Meðal blaðamanna er Pressuballið auglýst sem „ball ársins“ og segir það sitt um væntingarnar.

Þó að fátt sé til sparað í veisluhöldunum nú er annar blær yfir Pressuballinu en var á sjöunda áratugnum. Þá voru forsetar og ráðherrar meðal gesta og ræðumenn kvöldsins komu jafnan úr hópi stjórnmálamanna eða skálda.

Nú er öldin önnur og blaðamenn

sækja ekki vatnið yfir lækinn. Ræðumaður kvöldsins verður Karl Blöndal, aðstoðarráttgjafi Morgunblaðsins, sem þykir ræðumaður góður.

Matseðillinn er glæsilegur, parmaskinka með gæsalifur og olíuediki verður í forrétt, heilsteikt nautalund með sveppum, kartöflum og sósu verður í aðalrétt og að lokum sporðrenna gestir ísprennu með volgum jarðaberjum og steiktum ananas.

Þó að ekki sé gert lítið úr ræðumanni kvöldsins, matseðlinum eða dansleiknum á eftir er afhending blaðamannaverðlaunanna hápunkt-

ur kvöldsins. Veitt verða verðlaun í þremur flokkum, fyrir rannsóknarblaðamennsku ársins, bestu umfjöllun ársins og loks blaðamannaverðlaun ársins.

Í fyrra hlutu Agnes Bragadóttir, Brynhildur Ólafsdóttir og Reynir Traustason verðlaunin.

Að borðhaldi loknu fá gestir sér snúning. Hljómsveitin Vax leikur fyrir dansi en hún hefur gert það gott á dansiböllum að undanförunu. „Dómsmálagiggið gekk vel og Þjóssi Bjarna var ánægður,“ stendur á heimasíðu sveitarinnar.

bjorn@frettabladid.is

TILNEFNINGAR TIL BLAÐAMANNAVERÐLAUNANNA 2004

Rannsóknarblaðamennska ársins 2004

Kristinn Hrafnsson, DV. Fyrir upplýsandi fréttir af örlögum íslensks drengs, Arons Pálma Ágústssonar, í fangelsi í Texas.

Ómar P. Ragnarsson, RÚV – Fréttastofu Sjónvarps. Fyrir að draga fram ný og óvænt sjónarhorn um umhverfisáhrif stórvirkunar við Kárahnjúka.

Páll Benediktsson, RÚV – í brennidepli. Fyrir umfjöllun um samfélag dósasafnara í Reykjavík.

Besta umfjöllun ársins 2004

Bergljót Baldursdóttir, RÚV – Fréttastofu útvarpsins, Morgunvaktinni. Fyrir ítarlega og fróðlega úttekt á stöðu og velferð aldraðra.

Davíð Logi Sigurðsson, Morgunblaðinu. Fyrir skrif sín af vettvangi stríðsátaka í Irak og innsýn í daglegt líf fólksins þar.

Þórhallur Jósefsson, RÚV – Fréttastofu útvarpsins. Fyrir umfjöllun um Impregilo og starfsmannamál þess við Kárahnjúka.

Blaðamannaverðlaun ársins 2004

Árni Þórarinnsson, Morgunblaðinu. Fyrir ítarlega og greinargóða fréttaskýringu um forsetatíð Ólafs Ragnars Grímssonar í aðdraganda forsetakosninganna sl. sumar.

Gunnar Hersveinn, Morgunblaðinu/19. júní. Fyrir athyglisverð skrif um mannlíf á sviði jafnréttis-, uppeldis- og menntamála.

Sigríður D. Auðunsdóttir, Fréttablaðinu. Fyrir vandaðar og ítarlegar úttektir sem settar eru fram á myndrænan og skýran hátt.

Eldaskálinn við Mjólnisholt lokaður vegna veikinda:

Egill, Erlingur og Eyjólfur í rúminu

„Þetta er helvítis pest,“ segir Erlingur Friðriksson í innréttingafyrirtækinu Eldaskálanum, sem lagðist veikur í rúmið í fyrradag. „Þessu fylgja beinverkir, kvef og hiti og almenn vanlíðan.“

Samstarfsmenn Erlings, sölu- maðurinn Egill og smíðurinn Eyjólfur, lágu báðir veikir heima þegar hann sjálfur fór að kenna sér meins. Hann harkaði af sér í fyrstu en síðdegis á miðvikudag þoldi hann ekki meir. Var þá ekki annað að gera en að skella í lás og auglýsa: Lokað vegna veikinda.

„Það þýddi ekkert að standa í þessu með fljótandi augu, hóstandi og snörlandi,“ segir Erlingur, sem veit sem er að sumir hafa legið veikir í þrjár vikur. „Ég vona að við lendum ekki í því og getum opnað aftur á mánudaginn. Maður má ekkert vera að því að vera veikur.“ Erlingur hefur rekið



LOKAÐ VEGNA VEIKINDA

„Það þýddi ekkert að standa í þessu með fljótandi augu, hóstandi og snörlandi.“

Eldaskálinn í 24 ár og aldrei þurft að loka fyrr. „Það er náttúrulega ekki gott að þurfa að loka en ég vona að okkur verði fyrirgefið,“

segir hann og sýgur upp í nefið. Er honum, Agli og Eyjólfur hér með óskað góðs bata. Einnig öðrum sem liggja veikir heima. - bps

11.2

EINN EINN TVEIR dagurinn 2005

hraði – samvinna – skipulag

Þegar á bjátar höfum við aðgang að geysilega öflugum neti viðbragðsaðila og hjálparliðs í gegnum eitt samræmt neyðarnúmer fyrir landið og miðin – 112. Með einu símtali í 112 er unnt að virkja á augabragði lögreglu, slökkvilið, almannavarnir, Landhelgisgæsluna, sjúkraflutningamenn, lækna, hjálparlið sjálfbóðaliða og barnaverndarnefndir. Yfir 300 þúsund erindi bárust 112 á síðasta ári.

Starf þessara aðila byggir á samvinnu, hraða og skipulagi. Þeir taka höndum saman um að kynna starfsemi sína í dag þegar 112 dagurinn er haldinn á Íslandi í fyrsta sinn.



Smáralind í dag fjölbreytt dagskrá

Göngugatan

- 14.00 Björn Bjarnason dómsmálaráðherra flytur ávarp
- 14.10 Skyndihjálparmaður Rauða krossins 2004
- 14.20 Verðlaun í Eldvarnagetraun LSS 2004
- 14.30-18.00 Sjúkraflutningamenn sýna búnað og mæla blóðsykur gesta
Sýnikennsla í skyndihjálpar
Björgunarsveitarmenn sýna búnað sinn
Tækjabíll umferðardeildar ríkislögreglustjórans
Kynning á starfsemi 112 og viðbragðsaðila
Útkall 2004 – ljósmyndasýning

Síminn og Securitas sjá um beina vefútsendingu frá varðstofu 112 og fjarskiptamiðstöð lögreglu.
Sjá www.rls.is og www.112.is

Stórbrotin tækjasýning á bílplaninu við Smárabíó

- 15.00-18.00 Þyrla, sjúkrabíll, slökkvibíll, björgunarbíll, vettvangsstjórabíll lögreglu og sprengjubíll Landhelgisgæslunnar til sýnis.
- 15.00 Landhelgisgæslan og SHS sýna björgun sjúklings í þyrlu.
- 16.00 SHS sýnir björgun fólks úr bílflaki með klippum og glenum.
- 17.00 Landhelgisgæslan og SHS sýna björgun sjúklings í þyrlu.

Verið velkomin í heimsókn í dag!

Fjöldi viðbragðsaðila víða um land býður almenningi í heimsókn eftir hádegi. Almenningi gefst þá kostur á að ræða við starfsmenn og skoða margvíslegan búnað. Gestum verður víða boðið upp á hressingu.

- 14.00-18.00 **Björgunarmiðstöðin Skógarhlíð**
- 14.00-16.00 **Lögreglan í Reykjavík, Hverfisgötu**
- 14.00-18.00 **Slökkvistöðin á Sauðárkróki**
- 14.00-18.00 **Slökkvistöðin á Ísafirði**
- 14.00-18.00 **Slökkvistöðin á Akureyri**
- 14.00-18.00 **Brunavarnir Suðurnesja**
- 14.00-18.00 **Lögreglan á Akureyri**
- 14.00-17.00 **Lögreglan í Vestmannaeyjum**
- 14.00-18.00 **Lögreglan á Sauðárkróki**
- 14.00-16.00 **Lögreglan á Blönduósi**
- 13.00-18.00 **Lögreglan og fleiri á Húsavík**
- 14.00-17.00 **Lögreglan á Selfossi**
- 14.00-18.00 **Lögreglan á Ísafirði**



Segja má að Sturla Böðvarsson samgönguráðherra hafi í einni svipan farið úr kufli skúrksins í hetju almúgans þegar hann tilkynnti flestum á óvart í vikunni að haldið yrði áfram með tvöföldun Reykjanesbrautarinnar strax á þessu ári.

Hver er þörfin? Það þarf enginn sem ekur reglulega um Reykjanesbrautina að velkjast í vafa um að tvöföld Reykjanesbraut er bæði öruggari og fljótfarnari en ella. Hin síðari ár hefur umferð um hana aukist jafnt og þétt bæði með fjölgun íbúa á Reykjanesvæðinu en ekki síður vegna þeirrar sprengingar sem orðið hefur á þeim fjölda ferðamanna sem fara um Leifstjóð ár hvert. Með tilliti til þess að slys og umferðaróhöpp hafa þar verið tíð má vel færa rök fyrir því að Reykjanes-



brautina átti að tvöfalda fyrir löngu síðan eða í það minnsta klára verkið alla leið þegar loks var hafist handa við tvöföldun fyrsta áfanga hennar frá álverinu í Straumsvík að Vogum á Vátnsleysuströnd.

Hversu mikil er umferðin? Um níu þúsund bílar fara um Reykjanesbrautina á degi hverjum. Meirihluti þeirra er íbúar

Suðurnesja sem sækja vinnu til höfuðborgarsvæðisins dag hvern en einnig er talsvert um þungaflutninga um veginn enda hefur útflutningur afurða og vara hvers konar með flugi aukist mikið hin síðari ár. Þá á eftir að minnast á hinn almenna Íslending sem leggur í viking til útlanda einu sinni til tvisvar á ári hverju og aukinn fjölda erlendra ferðamanna.

Tiltölulega stór hópur þeirra sem hingað koma stoppar stutt við og láta sér jafnvel margir nægja að skreppa stundarkorn í Bláa lónið áður en flogið er aftur af stað.

Af hverju Reykjanesbrautin? Það má til sanns vegar færa að víða er meiri þörf á samgöngubótum en á Reykjanesbrautinni. Umferð um Suðurlandsveg og Vesturlandsveg er til að mynda mun meiri en um Reykjanesið svo ekki sé minnst á þá staðreynd að enn eru kaflar á Hringvegnum ekki einu sinni bundnir slitlagi enn sem komið er. Hins vegar er það óumdeilt að Reykjanesbrautin er hættuleg eins og fjöldi banaslysa og annarra alvarlegra bílslysa sannar. Í því tilliti skiptir ekkert meira máli en ráða bót á þeim vanda sem fyrst.

Kjarnavopn eru tromp á hendi Norður-Kóreumanna



ASTIN BLÓMSTRAR Í AUSTURLÖNDUM Valentínusardagurinn nálgast í Pakistan rétt eins og á Vesturlöndum. Þótt síðurinn sé lítinn hornauga af múslimakerkum hugsa þessar konur sér eflaust gott til glóðarinnar að fá súkkulaði frá sínum heitelskaða.

Norður-Kóreumenn hafa viðurkennt að eiga kjarnorkuvopn. Þeir segjast eingöngu ætla að nota vopnin í fælingar- og sjálfsvarnarskygni en engu að síður er staðan uggvænleg. Helst óttast menn að norður-kóresk stjórnvöld muni selja vopnin í hendur öfgasamtaka eða annarra ríkja.

Þeir sem héldu að kjarnorkuvánni hefði verið bægt frá við endalok kalda stríðsins þurfa að endurskoða afstöðu sína því þlikur eru á lofti í þessum efnum. Íranar segjast ætla að halda áfram að auðga úran sýnist þeim svo og í ljós er komið að kjarnavopnabirgðir Bandaríkjamanna í Evrópu eru mun meiri en áður var talið. Alvarlegust hlýtur þó að vera yfirlýsing Norður-Kóreumanna um að þeir hafi yfir kjarnorkusprengrum að ráða,

Langur aðdragandi

Í gær lýstu stjórnvöld í Norður-Kóreu því í fyrsta skipti opinberlega yfir að þeim hefði tekist að



VÍTISVÉLAR SPRINGA Eldflaugar Norður-Kóreumanna geta borið kjarnorkusprengrum til Japan og í fyllingu tímans munu þeir geta ógnað bandarískum borgum.

smíða kjarnorkuvopn. Þau segja slík vopn nauðsynleg til að verja landið gegn ágangi Bandaríkjamanna og neita að taka þátt í afvopnunarviðræðum um sinn. Þar með er Norður-Kórea opinberlega komin í hóp kjarnavopnaríkja en auk þeirra hafa Bandaríkjamenn, Rússar, Bretar, Frakkar, Kínverjar, Indverjar, Pakistanar og Ísraelar yfir slíkum vopnum að ráða.

Norður-Kóreumenn hafa framleitt kjarnorkueldsneyti í nokkra áratugi en árið 1994 skrifuðu þarlend stjórnvöld undir samkomulag við Bandaríkjustjórn um að hætta öllum kjarnorkutilraunum. Í staðinn skuldbundu Bandaríkjamenn sig til að útvega Norður-Kóreumönnum umtalsvert magn af olíu og aðstoða þá við að byggja upp kjarnorkuver sem ekki gætu framleitt geislavirk efni sem nota mætti til kjarnavopnagerðar. Árið 2002 hljóp hins vegar snurða á þráðinn þegar upp komst að Norður-Kóreumenn hefðu haldið áfram að reyna að koma sér upp kjarnavopnum og hættu þá Bandaríkjamenn aðstoð sinni. Í kjölfarið voru fulltrúar Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar reknir úr landi, kommúnistastjórnin sagði sig frá sáttmálanum um takmörkun við útbreiðslu kjarnorkuvopna og hélt tilraunum áfram sem aldrei fyrr.

Síðustu tvö ár hafa Bandaríkjamenn, Kínverjar, Japanar, Rússar og Suður-Kóreumenn reynt árangurslaust að semja við Norður-Kóreumenn um að láta af tilraunum gegn efnahagsaðstoð. Í september á síðasta ári mættu norður-kóresk stjórnvöld ekki til viðræðnanna vegna þess að þau töldu Bandaríkjustjórn sér óvinveitta. Vonast var hins vegar til að þau kæmu aftur að samningaborðinu fljótleiga þar sem Bush Bandaríkjaforseti stillti sig um að átella ríkið í stefnuræðu sinni á dögnum en fyrir þremur árum sagði hann Norður-Kóreu vera eitt af öxulveldum hins illa.

Með öll tromp á hendi

EKKI er talið að Norður-Kóreumenn búi yfir mörgum kjarnorkusprengrum, í hæsta lagi sex talsins. Engar tilraunir hafa farið fram með vopnin en slíkar prófanir eru nauðsynlegar til að hægt sé að beita slíkum vopnum. Því telja margir stjórnmaláskýrendur að í yfirlýsingu norður-kóreskra stjórnvalda felist í raun ekkert nýtt heldur séu þau með henni að reyna að bæta samningsstöðu sína gagnvart hinum ríkjum fimm. Á þessum nótum töluðu til dæmis japanskir ráðamenn í gær og Condoleezza Rice, nýskipaður utanríkisráðherra Bandaríkjanna, kvaðst mundu „skoða málið“ og hvatti Norður-Kóreumenn til viðræðna enda hefðu þeir ekkert að óttast af hendi Bandaríkjamanna.

Almenningur í Japan og Suður-Kóreu er hins vegar ekki eins rólegur enda veit fólk þar sem er að eldflaugar Norður-Kóreumanna geta auðveldlega dregið þangað. Nú þegar eiga þeir langdrægar flaugar sem geta flogið allt að tvö þúsund kílómetra en vitað er að þeir hafa lengið unnið að þróun eldflauga sem dregið geta allt að sex þúsund kílómetra. Með slíkum flaugum gætu Norður-Kóreumenn eytt borgum í Alaska sýndist þeim svo.

Meiri ástæða er þó til að hafa áhyggjur af því að norður-kóresk stjórnvöld selji kjarnavopn til annarra ríkja eða jafnvel hryðjuverkasamtaka enda veitir þeim ekki af peningum. Á allra vitorði er að Norður-Kóreumenn – svo og mörg önnur ríki, til dæmis Bandaríkin – hafa selt eldflaugar víða um heim og talið er að þeir hafi á sínum tíma einnig selt auðgað úran til Lfbíumanna. Ráðamönnum á Vesturlöndum hrýs eflaust hugur við þeirri stöðu og eru því væntanlega til viðræðu um enn frekari tilslakanir við samningaborðið. Hvernig er að það er litið virðast Norður-Kóreumenn því hafa öll tromp á hendi.

sveinng@frettabladid.is

AFRÍKA í mótun

Afrískir fræðimenn velta fyrir sér brennandi spurningum um málefni álfunnar

Málþing laugardaginn 12. febrúar, kl. 14:00-16:00 í Hátíðasal HÍ.

Frummælendur eru Henning Melber, forstöðumaður Norrænu Afríkustofnunarinnar, Winnie Mwangi frá Kenýa, Fibian Kavulani Lukalo frá Kenýa, Amin Kamete frá Simbabwe, Muhammad Kabir Isa frá Nígíeríu og John Bobuin Gemandze frá Kamerún

Forseti Íslands, hr. Ólafur Ragnar Grímsson, er sérstakur heiðursgestur málþingsins og flytur hann opunarávarp.

Málþings- og umræðustjóri er Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, prófessor í mannfræði við HÍ.

Málþingið er öllum opið og aðgangur ókeypis.

Afnemum VSK af öllum snyrtivörum

**TAX
FREE
DAGAR**

Álagður virðisaukaskattur á snyrtivörur á Íslandi er 24,5% sem jafngildir 19,68% afslætti.

Á fríhafnardögum
afnemum við VSK.
af snyrtivörumerkjum.

Dagana 10.-13. febrúar
eru fríhafnardagar í öllum
snyrtivöruverslunum Hagkaupa.

Að sjálfsgöðu fær ríkissjóður sinn virðisaukaskatt af þessari sölu.
Verðlækkunin er alfarið á kostnað Hagkaupa.

HAGKAUP

Skemmtilegast að versla



tilboðin gilda til laugardagsins 12. febrúar

eða á meðan birgðir endast

opið föstudag 9 - 19:30

laugardag 10 - 16

BÚBÓT



495kg-

**BESTU KAUPIN
1/2 SKROKKUR**



890kg-

**LAMBA
HELGARSTEIK**



**OLD EL PASO
TILBOÐ OG KYNNING**



95-

**HOMEBLEST
200gr.**



695kg-

**LAMBALÆRI
frosið**



95-

**HATTING
BEYGLUR
1 poki**



99kg-

PERUR



1698kg-

**NAUTA-
FILLE**



99kg-

CLEMENTÍNUR



**20%
afsláttur
við kassa**

**E
merkt**



398-

**ROÐLAUSIR
ÝSUBITAR
1 pakki**



649kg-

FK BRAUÐSKINKA



298kg-

**KJÚKLINGUR
FROSINN**



1398kg-

SVÍNALUNDIR



Í FJARÐARKAUPUM 11. - 12. FEBRÚAR

298.-

HAMBORGARAR
m/BRAUÐI 4stk.

98.-

FARM
FRITES
FRANSKAR
750gr.

485.-

LOTUS WC
PAPPÍR
12 rúllur

495.-

LIBRESSE
tvöfaldur
pakki

298.-

COLGATE
TOTAL
2x75ml.

298.-

COLGATE
TANDSTEN
2x75ml.

5%
afsláttur
við kassa

OSTAR
kílopakkningar

20%
afsláttur
við kassa

749kg.-

GOUDA
OSTUR 17%
kílopakkning
verð áður: 936kg.-

270.-

COLGATE
KARIES
2x75ml.

228.-

MEÐALSTÓR
G 10stk.
verð 285.-

99.-

BIOMJÓLK
3 TEGUNDIR
1stk.

298.-

KJÖRÍS ÁRSINS
2005 1l.

499.-

FYRIRTAKS PIZZA
+ 2l. PEPSI

479.-

CHEERIOS
992gr.



FJARÐARKAUP

ekki bara verð!

skoðun

SJÓNARMÍÐ
KÁRI JÓNASSON

Háskólasjóðurinn styður rannsóknatengt framhaldsnám og uppbyggingu á Háskólalóðinni.

Samningur HÍ og Eimskips

Tímamótasamningur var í gær undirritaður milli Háskóla Íslands og Burðaráss um Háskólasjóð Eimskipafélags Íslands. Fram til þessa hefur þessi sjóður ekki komið Háskóla Íslands að miklu gagni, heldur hefur hann oft á tíðum verið notaður af stjórnendum Eimskipafélags Íslands til að styðja við einstaka hluthafa í baráttu um völd og yfirráð í félaginu. Háskólamenn hafa oft á tíðum vakið máls á þessu, en það er ekki fyrir en nú að veruleg breyting verður á. Það er ánægjulegt að nú skuli eiga að nota sjóðinn í þágu Háskóla Íslands og

” Fram til þessa hefur þessi sjóður ekki komið Háskóla Íslands að miklu gagni, heldur hefur hann oft á tíðum verið notaður af stjórnendum Eimskipafélags Íslands til að styðja við einstaka hluthafa í baráttu um völd og yfirráð í félaginu.

efla þar rannsóknatengt framhaldsnám, einkum doktorsnám. Þetta mun efla Háskólann mikið sem rannsóknaháskóla, enda verður hann að standa undir nafni sem slíkur. Þá mun sjóðurinn leggja sitt af mörkum við að koma upp svokölluðu Háskólatorgi, sem er tvö hús á suðurhluta lóðar Háskólans. Þar er ætlinin að verði til húsa ýmsar þjónustubyggingar skólans sem og kennslustofur og skrifstofur kennara og sérfræðinga.

Fram til þessa hefur Happraðtti Háskóla Íslands að miklu leyti staðið undir nýbyggingum og viðhaldi húsa á lóð Háskóla Íslands en ríkið hefur ekki mikið komið þar nærri. Það mun vera einstakt að happraðtti standi undir uppbyggingu ríkisháskóla en ekki ríkið sjálft. Það er að vísu þekkt víða erlendis, einkum í Bandaríkjunum, að auðmenn hafa lagt fram mikið fé til uppbyggingar háskóla, og eru þá einstakar deildir tengdar nafni þeirra sem leggja til fjármuni. Samkvæmt þessu ættu nýju húsin á lóð háskólans að bera nöfn Eimskips og Burðaráss!

Háskóli Íslands er óumdeilanlega fremsti háskóli landsins. Þar eru flestir nemendur, hann hefur mest fjármagn til umráða og skólinn hefur notið virðingar í gegnum árin. Það verður líka að gera ríkar kröfur til skólans, ekki síst prófessora og annarra kennara. Þeir hljóta líka að gera kröfur á móti um að þannig sé að þeim búið að þeir geti jafnhiða kennslu stundað rannsóknir, hver á sínu sérsviði, eins og gert er um allan heim.

Helsti vaxtarbroddur skólans er rannsóknatengt framhaldsnám, bæði meistara- og doktorsnám. Á síðustu árum hefur mátt merkja fjölgun meistara- og doktorsnema við skólann. Þannig eru nú 137 nemandur í doktorsnámi og á síðasta ári fóru þar fram 11 doktorsvarnir. Sífellt fleiri konur stunda nám við Háskóla Íslands og endurspeglast það í því að sex af hverjum tíu sem eru nú í doktorsnámi eru konur. Þetta á vonandi eftir að koma fram í því að konum í áhrifastöðum hér á landi á eftir að fjölga. Sú þróun hefur tekið allt of langan tíma, en nú þegar vel menntaðar konur fara að flykkjast út á vinnumarkaðinn ætti að verða breyting á. ■

★event

ægh{xü|x
GXYQY
L»XYZ&»X


RG|MGXJ GMYQ CERJ Ú784& gxy&486@6&&g{ngj gryn" nð t &

S ÚGYGFC@yqgt & &|kt 4& &=; & 88

PiLoBoLUS

ánXKQ &KM| XÜ" Ö& nD GMU|&| T EPS KY

86+ &lyr' zZ x&Eox&." xÜ|I™gmg

 Landsbankinn
Banki allra landsmanna

FRÁ DEGI TIL DAGS

Ágiskanir

Það þykir tíðindum sæta að leynileg fyrirspurn íslenskra stjórnvalda á sjötta áratugnum um tekjur og skattgreiðslur Halldórs Laxness í Bandaríkjunum skuli hafa ratað á borð sjálfis J. Edgars Hoover, þáverandi yfirmanns bandarísku alríkislögreglunnar, FBI. Hoover hefur ekki hlotið góð eftirmæli í sögunni; er talinn ofstækisfullur og sagður hafa farið frjállega með heimildir sínar til eftirlits með borgurum. Í fjölmiðlum eru menn að velja því fyrir sér hvort sú staðreynd að mál Halldórs komst á borð Hoovers geti skýrt hvers vegna út-



gáfu á bókum Halldórs vestanhafs var ekki haldið áfram þrátt fyrir sigurgöngu Sjálfstæðis fólks, sem sagt er að hafi selst í um 400 þúsund eintökum. En skjöl FBI, sem hafa verið opinberuð, sýna ekkert í þá veru þannig að hugleiðingarnar eru hreinar ágiskanir. Hins vegar munu vera fleiri gögn um Halldór í skjalasafni FBI og þegar þau verða birt kemur kannski eitthvað nýtt fram.

Hnýsni

Menn eru að vonum hneykslaðir yfir hnýsni íslenskra stjórnvalda í garð Halldórs. Finnst þetta bera keim af persónulegum ofsóknum í anda pólitísks rétttrúnaðar kaldastríðsáranna. Og auðvitað er það grafalvarlegt mál ef pólitískur þrýstingur hefur valdið því að

Bandaríkjamenn þorðu ekki að gefa út bækur Halldórs Laxness.

Þáttur Halldórs

En í þessu sambandi ætti hitt ekki að gleymast, sem rækilega kemur fram í ævisögum skáldsins eftir Halldór Guðmundsson og Hannes Hólmstein Gissur- arson, að Halldór Laxness var á þessum tíma áhrifamikill málsvari alræðisstjórnar kommúnista á alþjóðavettvangi og var tortryggður sem slíkur. Halldór hafði fyrr á árum ekki hikað við að réttlæta frelsis- skerðingu almennings jafnt sem skálda og listamanna í ríkjum kommúnista, sýndarréttarhöld og ritskoðun í þágu málstaðarins. Það er dapurlegur þáttur í sögu einhvers mikilhæfasta skálds Íslendinga á tuttugustu öld.
gm@frettabladid.is

Að verðlauna fjölmiðlafólk

Á morgun verður mikil upp- skeruhátíð hjá íslenskum blaðamönnum, en þá verða veitt Blaðamannaverðlaun Íslands og líka Blaðaljósmyndaverðlaunin. Ljós- myndaverðlaunin eru orðin vel þekkt í landinu enda eiga þau sér nú áralanga sögu, og virðist það samdóma álit ljósmyndara sem starfa við fjölmiðla að þessi verð- launaveiting hafi verið mönnum mikil fagleg hvatning. Blaðamannaverðlaunin eru hins vegar nýrri af nálinni, en þau voru veitt í fyrsta sinn í fyrra. Blaðamanna- verðlaunin á Íslandi taka mið af sambærilegum verðlaunum sem veitt eru víða um heim og eiga að efla blaðamennsku almennt. Að þessu leyti eru þau því af sama toga og t.d. Calvling-verðlaunin dönsku eða Pulitzer-verðlaunin í Bandaríkjunum. Raunar er til í heiminum gríðarlegur fjöldi blaðamannaverðlauna, sem eru misjaflega þekkt og misjafnlega mikið er látið með. Þó má í gróf- um dráttum skipta þeim í tvo hópa. Annars vegar eru það verð- laun sem eiga að efla umfjöllun um tiltekna málaflokka, s.s. mannréttindi, jafnrétti eða fíkniefnavarnir. Eru þá verðlaunuð skrif sem þykja hafa skarað framúr á þessum afmörkuðu sviðum. Hins vegar eru það al- menn verðlaun, verðlaun sem horfa til blaðamennskunnar sem slíkar sem sérstaks fags. Í þann flokk falla þau verðlaun sem nefnd eru hér að framan og raunar flest frægustu blaðamanna- verðlaun heimis. Ef horft er til Pulitzer-verðlaunanna sérstak- lega, sem að öðrum verðlaunum ólöstuðum eru trúlega þekktustu verðlaun heimis, má sjá þær áherslur sem einkenna almenn blaðamannaverðlaun. Þar er mest áhersla lögð á verðlaun fyrir framúrskarandi framlag eða aðferðir góðrar blaðamennsku gagnast og bæta umfjöllun um al- mannaheill (public interest).

Þannig er veitt sérstök gull- medalía auk peningaverðlauna í þessum flokki, sem ekki er gert í öðrum flokkum, og ætti það að undirstika þær áherslur sem þarna er verið að leggja. Pulitzer- verðlaunin eru einmitt dæmi- gerð fyrir flest kunnari blaða- mannaverðlaun hvað varðar áhersluna á almannahagsmuni eða almannahéill.

Í DAG

BLAÐAMANNAVERÐLAUN

BIRGIR
GUDMUNDSSON



Íslensku blaðamannaverð- launin fylgja þessu fordæmi og leggja höfuðáherslu á atriði sem tengjast almannahéill eða fjöl- miðlaumfjöllun sem skiptir máli fyrir samfélagslega umræðu og almannahagsmuni. Samhliða er þó verið að skoða tæknilegar að- ferðir og fagleg vinnubrögð. Mikilvægi verðlaunanna felst einmitt í því að þau hvetja ís- lenskt fjölmiðlafólk til þess að hugsa um og leita uppi almanna- hagsmuni umfram sérhagsmuni og vanda um leið vinnubrögðin. Þó vissulega hafi alla tíð verið mikil þörf á því að fjölmiðlafólk hafi almannahagsmuni að leiðar- ljósi (þótt vissulega kunni ekki alltaf að vera augljóst í hverju þeir felast) og ástundi fagleg vinnubrögð, þá má segja að sú þörf hafi sjaldan verið meiri en einmitt í dag. Hlutverk fjölmiðla- fólks – m.a. sem varðhunda al- menning – verður sífellt mikil- vægara á sama tíma og ýmsar kröfur eða tilhneigingar eru uppi sem vinna gegn því að fjölmiðlar standi sig sem slíkir. Þar má nefna hagræðingar- og arðsemis-

kröfur í fjölmiðlafyrirtækjunum sjálfum, sem hætt er við að bitni á gæðum þess fjölmiðlaefnis sem framleitt er. Þetta er ekki sér- íslenskt mál, enda hafa alþjóða- samtök blaðamanna farið út í sér- stakt átak sem miðar að því að synda gegn þessum straumi og halda uppi gæðum í blaða- mennsku. Það má líka nefna að sérhagsmunir hvers konar hafa komið sér upp fagfólki á sviði al- mannatengsla og markaðs- og kynningarmála, fagfólki sem margt er gríðarlega hæft í sínum störfum. Eðli málsins samkvæmt er brýnt að þeir sem eiga að gæta almannahagsmuna umfram ann- að reyni að efla og þróa fag- mennsku í sínum röðum líka. Loks má einfaldlega benda á að í sífellt flóknara samfélagi verður að gera kröfu til fjölmiðlanna um faglega starfshætti.

Það er því full ástæða til að staldra við á morgun og veita verðlaunum blaðamannastéttar- innar athygli. Þetta er ekki sér- mál blaðamanna, þetta varðar allt samfélagið. Árið 2004 var af- skaplega mikið og fjölbreytt fréttáar og fjölmiðlarnir á Ís- landi hafa legið undir mikilli gagnrýni frá ólíklegustu aðilum. Vissulega er einhver hluti þeirrar gagnrýni verðskuldaður, en í heildina virðist fjölmiðlaum- fjöllunin vera í góðu lagi. Sumt af því sem vel var gert hefur ratað inn í tilnefningar dómnefndar og á endanum verður einn sigur- vegari valinn úr hverjum flokk- ana þriggja sem verðlaunað er fyrir: blaðamannaverðlaun ársins, rannsóknarblaðamennsku ársins, og bestu umfjöllun ársins. Eðlilegt er að skoðanir séu skiptar um hvort vel hafi tekist til um valið eða ekki, og vonandi mun sá skoðanamismunur leiða til umræðna. Náist slík umræða fram er sigur unninn – kastljós- inu er beint að vinnubrögðum og það sem vel er gert verður að viðmiði í íslenski fjölmiðlun. ■

Íslenskir utangarðsmenn

Er þjóðin í afneitanun?

Eða þykir okkur ekki lengur vænt um rónana okkar?

SKOÐANIR OG UMRÆÐUR Á VISIR.IS 

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRAR: Sigurjón M. Egilsson og Sigmundur Emir Rúnarsson AÐSTÖÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir AUGLÝSINGASTJÓRI: Þórnundur Bergsson RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skafahlíð 24, 105 Reykjavík AÐAL- SIMI: 550 5000 SIMBREF Á FRÉTTABLAÐI: 550 5006 NETFÖNG: ritstjorn@frettabladid.is og auglysingar@frettabladid.is VEFFANG: visir.is UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNLSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. dreifing@posthusid.is Fréttablaðið er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

Tilboðin gilda til sunnudags 14. febrúar eða á meðan birgðir endast

Það gerist varla betra

EKKERT BRUÐL

Ferskir bitar

HOLTA kjúklingalæri/leggir

359

kg KR.

40% afsláttur við kassann
Merkt verð 599kr.kg

HOLTA kjúklingavængir

179

kg KR.

Holta-kjúklingur

40% afsláttur við kassann
Merkt verð 299kr.kg

40% afsláttur

við kassann

leggir læri vængir

Komdu í Bónus!

59

1 lítri KR.

399

KR.

VIÐAR HERÐATRÉ fást í öllum búðum STORGLÆSILEG

269

KR.

8 HERÐATRÉ MEÐ SLÁ
NYTJA plast
VERSLANIR
FELLIKASSI MEÐ HANDFANGI

499

KR.

UPPPVOTTAGRIND

239

KR.

3 MATARBOX

89

KR.

RÆSTIFATA

FERSKAR ALI SVÍNKÓTELETTUR

FERSKAR ALI SVÍNAKÓTELETTUR

779

kg KR.

40% afsláttur

við kassann

40% AFSLÁTTUR VIÐ KASSANN
Merkt verð 1298kr.



4 grillhamborgarar með brauði

VILLIBRÁÐARKRYDDAÐ LAMBALÆRI

EKKERT BRUÐL

29

KR.

Baked beans In tomato sauce

899

kg KR.

Villikryddað lambalæri



289

KR.

4 grillhamborgarar með hamborabrauði



29

340g KR.



4 MACH3 RAKBLÖÐ



ÓTRÚLEGT VERÐ!

499

KR.



5x100g

99

KR.



99

350g KR.



EKKERT BRUÐL

Tugir tilboða á bonus.is

Krónu þurrkryddað
lambalæri

895

kr./kg með afslætti

Krónu blandað
nauta og kinda hakk

599

kr./kg. með afslætti

36%
AFSLÁTTUR

Fyrirtaks pizzur

298

kr./stk.

Egils djús
þykkni

199

kr./ltr.

2
Fyrir
1

Goða
Kindabjúgu

358

kr./2 pk.

X-tra
Eldhúsrúllur

149

kr./pk.

Opið
alla daga
vikunnar



1 kg



Kelloggs Kornflakes

329
kr./pk.



Krónu grillborgarar með brauði

299
kr./kg með afslætti



Kjörís ís ársins

299
kr./1 ltr.



Kókómjólk
6 í pakka

298
kr./pk.



Brallarabrauð

129
kr./stk

2 Fyrir **1**



X-tra salernispappír

199
kr./pk.



Jarðaber
box

199
kr./stk.



Bautabúrs
skinka

358
kr./stk.

KAUPHÖLL ÍSLANDS [HLUTABRÉF]

ICEX-15 3.875 +0,40%

Fjöldi viðskipta: 415
Velta: 3.235 milljónir

MESTA HÆKKUN

↑ Austurbakkí 5,71%
Medcare 3,96%
SH 2,84%

MESTA LÆKKUN

↓ Samherji -1,75%
Straumur -0,98%
Íslandsbanki -0,80%

HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU: Actavis 42,40 +0,95% ... Atorka 6,40 - ... Bakkavör 27,70 +1,47% ... Burðarás 13,75 +2,23% ... Flugleiðir 14,35 -0,35% ... Íslandsbanki 12,40 -0,80% ... KB banki 531,00 +0,57% ... Kögun 47,50 +0,85% ... Landsbankinn 14,55 +0,34% ... Marel 54,10 +0,37% ... Medcare 6,30 +3,96% ... Og fjarskipti 3,88 +1,57% ... Samherji 11,25 -1,75% ... Straumur 10,10 -0,98% ... Össur 85,00 -

viðskipti

vidskipti@frettabladid.is nánar á visir.is

Peningaskápurinn...

Bílabreytingar

Aðalfundur Heklu er í næstu viku. Fyrir fundinn er gert ráð fyrir að búið verði að ganga frá því að hópur fjárfesta, með Tryggva Jónsson forstjóra í fararbroddi, verði búinn að ganga frá kaupum á hlut Straums í fyrirtækinu. Samningar munu ganga ágætlega. Tryggvi hefur fengið til liðs við sig Egil Ágústsson hjá Íslensk-ameríska, Frosta Bergsson, fyrrverandi stjórnarformann Opinna kerfa, og Hjörleif Jakobsson, forstjóra Essó. Margir sem til þekkja telja að þar sem Hjörleifur fer sé Ólafur Ólafsson, stjórnarformaður Kers og Samskipa, ekki langt undan. Bílasala er sveiflukennd viðskipti, en í þeim geira líta menn björtum augum til ársins í ár. Hins vegar telja menn að nýta þurfi kaupgleðina nú vel, þar sem hratt geti dregið

saman í bílasölu þegar gengi krónunnar lækkar og íslenskur almenningur fer að horfa til þess að greiða nýfengnar og kærkomnar skuldir sínar.

Tal, borg og skip

Margir klóra sér í hausnum þessa dagana yfir því að Burðarásmenn stúkku ekki á tilboð Flugleiða um kaup á Eimskipafélaginu. Baldur Guðnason hefur verið á fullu í að skera niður kostnað og eru efasemdarmenn á því að hann kunnir í sparnaðaraðgerðum að hafa kastað út einhverjum börnum með baðvatninu. Baldur er tiltektaður og slíkir ætla sér sjáldnast að vera lengi á sama stað. Menn velja því fyrir sér hver kunnir að koma í hans stað. Nafn Þórólfs Árnasonar skaut upp kollinum eftir að til hans sást í heimsókn hjá Eimskipafélagsmönnum. Kenningin er sú að Baldur verði stjórnarformaður en Þórólfur setjist í forstjórastólinn.



MARKAÐSFRÉTTIR...

Samherji og Tryggingamiðstöðin gáfu frá sér afkomuviðvaranir í gær. Frystihúsið sem brann í Grindavík var í eigu Samherja og tryggt hjá Tryggingamiðstöðinni.

Bréf í **Samherja** lækkuðu mest allra bréfa í Kauphöllinni í gær. Lækkunin nam 1,75 prósentum.

Hagnaður **Vinnslustöðvarinnar** í fyrra nam 537,5 milljónum króna samanborið við 249,3 árið áður.

FTSE í Lundúnum hækkaði um 0,18 prósent í gær. Í Þýskalandi lækkaði Dax um 0,19 prósent en í Japan hækkaði Nikkei um 0,70 prósent.

Sommerfield á stórinna kaupalistann

Baugur tekur við stjórnartauum Big Food Group í dag. Baugsmenn sitja ekki auðum höndum og ráðast þegar í stað á enn stærra fjárfestingarverkefni en Big Food.

Baugur tekur við völdum í Big Food Group í dag. Þar með hefst vinna við að skipta upp félögunum innan samstæðunnar og endurskipuleggja rekstur Iceland-keðjunnar. Þar er mikið verk unnið.

Baugur lætur ekki þar við sitja. Félagið hefur gert tilboð í verslunarkeðjuna Sommerfield, sem rekur á þrettánda hundrað verslana undir merkjum Sommerfield og Kwik Save. Kwik Save eru lágvörverslanir líkt og Iceland-búðirnar en Iceland er þekktast fyrir frosin matvæli.

Heildarumfang kaupanna á Sommerfield er samkvæmt tilboðinu um 140 milljarðar króna

með skuldum, sem er meira en umfang kaupanna á Big Food. Markaðsvirði Sommerfield er samkvæmt tilboði um 119 milljarðar, en markaðsvirði Big Food var um 40 milljarðar. Sommerfield er skuldléttara félag, reksturinn gengið betur og félagið er ríkt af fasteignum. Mat sérfræðinga er að kaupin á Sommerfield séu því betri og áhættuminni en á Big Food. Kaupin á Big Food voru afar flókin og miklum mun flóknari en kaup á Sommerfield. Sömu aðilar standa að kaupunum á Sommerfield og á Big Food og því líklegt að menn sjái fyrir sér samlegð af rekstri þessara fyrirtækja. Kaup hvors um sig

eru þó talin geta staðið ágætlega undir sér.

Með kaupunum er Baugur kominn með tvö fyrirtæki á lágvörumarkaði í Bretlandi. Hlutdeild lágvörverslunar í heildarmatvörverslun í Bretlandi er talsvert lægri en á Íslandi og í til að mynda Þýskalandi og Frakklandi. Tækifæri til vaxtar gætu því reynst töluverð.

Annað sem vert er að hafa í huga þegar horft er til fjárfestingar Baugs í lágvörubúðunum er að eitt af því sem takmarkar innkomu lágvörverslana í Bretlandi er að erfitt er að koma sér fyrir á góðum stöðum með margar verslanir á einu þretti. Húsnæði er einfaldlega

ekki á lausu. Keðjur eins og Alders þyrftu því að kosta miklu til að koma sér vel fyrir á markaðnum. Þar gæti legið útgöngu-leið fyrir íslensku fjárfestana í framtíðinni.

Töluverðar líkur eru taldar á því að stjórn Sommerfield taki tilboði Baugs. Núverandi stjórnendum og eigendum félagsins hefur tekist að beina rekstrinum á réttar brautir. Þeir hætta því á toppnum. Tilboðið er að því leyti vel tímasett, auk þess sem það er mun hærra en fyrri tilboð í félagið sem hefur verið hafnað. Þótt yfirtökuboðið sé á frumstigi má telja meiri líkur en minni á því að tilboðinu verði tekið.

hafliði@frettabladid.is



AÐALFUNDUR

BAKKAVÖR GROUP HF. 2005



Aðalfundur Bakkavör Group hf. verður haldinn föstudaginn 25. febrúar 2005, kl. 17 í Þjóðminjasafni Íslands, Suðurgötu 41, 101 Reykjavík.

Eftirtalin mál eru á dagskrá fundarins:

1. Skýrsla stjórnar um starfsemi á síðastliðnu ári.
2. Ársreikningur fyrir liðið starfsár, ásamt skýrslu endurskoðanda lagður fram til samþykktar.
3. Breytingar á samþykktum.
4. Ákvörðun um ráðstöfun hagnaðar á reikningsárinu.
5. Ákvörðun um stjórnarlaun.
6. Kosning stjórnar.
7. Kosning endurskoðanda.
8. Heimild til kaupa á eigin hlutum.
9. Önnur mál.

Fundarstörf fara fram á ensku.

Dagskrá, endanlegar tillögur og ársreikningur félagsins ásamt skýrslu stjórnar og endurskoðanda munu liggja frammi á skrifstofu félagsins að Suðurlandsbraut 4, 108 Reykjavík, viku fyrir aðalfundinn.

Atkvæðaseðlar og önnur fundargögn verða afhent við innganginn við upphaf fundarins.

Stjórn Bakkavör Group hf.



bakkavor.com

Aðalfundur
Íslandsbanka hf.

Aðalfundur Íslandsbanka hf. árið 2005 verður haldinn á Hótel Nordica þriðjudaginn 22. febrúar 2005 og hefst kl. 14.00.

Dagskrá

1. Aðalfundarstörf í samræmi við 10. grein samþykpta félagsins.
2. Tillögur bankaráðs til breytinga á samþykktum félagsins.
3. Tillaga um framlag í Menningarsjóð Íslandsbanka og Sjóvá.
4. Tillaga um heimild til bankaráðs til kaupa á eigin hlutum í Íslandsbanka hf.
5. Önnur mál löglega upp borin.

Dagskrá fundarins, tillögur og ársreikningar félagsins fyrir árið 2004 verða hluthöfum til sýnis í höfuðstöðvum bankans að Kirkjusandi, Reykjavík, frá og með þriðjudeginum 15. febrúar nk. Þessi gögn verða einnig aðgengileg á www.isb.is.

Framboðsfrestur til bankaráðs rennur út miðvikudaginn 16. febrúar nk. kl. 14.00. Framboðum skal skila til skrifstofu forstjóra Íslandsbanka hf., Kirkjusandi, Reykjavík.

Atkvæðaseðlar verða afhentir hluthöfum eða umboðsmönnum þeirra á fundarstað, Hótel Nordica, frá kl. 12.00 á fundardegi, þriðjudaginn 22. febrúar nk.



ÍSLANDBANKI



Sólarupprás	Hádegi	Sólarlag
REYKJAVÍK	9.36 13.42	17.49
AKUREYRI	9.29 13.17	17.25

Heimild: Almanak Háskólans

FRÉTTABLAÐIÐ

Góðan dag!

Í dag er föstudagur 11. febrúar, 42. dagur ársins 2005.

KRÍLIN

Ég á rólu en nú vantar mig bróður til að ýta mér!



Smáauglýsingar á 995 kr. visir.is

Smáauglýsingar

Flokkar

Bílar & farartæki

Keypt & selt

Þjónusta

Heilsa

Skólar & námskeið

Heimilið

Tómstundir & ferðir

Húsnæði

Atvinna

Tilkynningar



allt

FASTEIGNIR HEIMILI HEILSA HÚS NÁM FERÐIR **MATUR** BÍLAR ATVINNA FJÁRMÁL **TILBOÐ** o.fl.

tilboð o.fl.

Galakjólur seldir með afslætti

BLS. 5



SMÁUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000



Anna Sigríður syngur gjarna við matargerðina. Hún og Ívar elda á virkum dögum, en fara frekar út að borða um helgar.

Gestirnir grétu af gleði yfir lambahryggnum

Anna Sigríður Helgadóttir söngkona hefur alltaf búið með eðlakkokkum. Hún segist sjálf vera góð í hakk- og pastaréttum.

Anna Sigríður bjó á Ítalíu um fjögurra ára skeið og tók með sér í farteskinu strauka úr ítalskri matargerð þegar hún flutti heim aftur. Hún segist þó ekki vera mjög fram-sækin í eldamennskunni og lítið hafa þurft að elda sjálf í gegnum árin. „Ég hef aldrei búið ein og alltaf búið með svo góðum kokkum. Það hefur bara æxlast þannig,“ segir Anna Sigríður. „Ég var til dæmis gift ítölskum manni sem er miklu betri kokkur en ég og nú bý ég með manni sem er algjör sérfræðingur í ákveðnum réttum. Við vorum til dæmis með fólk í mat um helgina sem fékk bókstaflega tár í augun, svo góður var hryggurinn sem hann eldaði. Það er einhver galdur þarna sem er engu líkur.“

Anna Sigríður segir að helst sé eldað á hennar heimili á virkum dögum þar sem

hún vinnur óreglulegan vinnutíma og mest um helgar. „Ívar sér um alla matseld á fiski en ef við erum með hakk- eða pastaétti þá elda ég.“

Sigríður er með uppskrift að einföldum pastarétti með tómötum og basil og léttu salati með. „Þetta er einmitt matur sem hentar eftir bollu- og sprengidaginn, að ekki sé talað um allan þorramatinn.“

Sigríður er tónlistarstjóri Fríkirkjunnar, í hálfu starfi á móti Carli Möller, og er nú í önnum með kórnum sem ætla að vera með tónleika næstkomandi fimmtudag í tilefni Vetrarhátíðar Reykjavíkurborgar. „Þarna verða Helena Eyjólfss-dóttir, Þorvaldur Halldórsson og Ragnar Bjarnason og svo rek ég nú hugsanlega upp einhverjar rokur sjálf,“ segir Anna Sigríður hlæjandi. „Svo spilar að sjálf sögðu trió Carls Möllers. Þetta er óskaplega spennandi og skemmtileg efnisskrá.“

Sjá uppskrift að tagliatelle og salati á næstu opnu. edda@frettabladid.is

LIGGUR Í LOFTINU í tilboðum

Standlampar, borðlampar, úti-ljós og ljósakrónur eru meðal þess sem verslunin Glóey í Ármúla 19 býður á verulega lækkuðu verði um þessar mundir því þar stendur yfir útsala og nemur afsláttur allt að 70%. Kastarar af mörgum gerðum eru líka á útsölu og má nefna þrjá kastara á palli, hvíta með gylltri rönd, sem lækka um helming, úr 4.60 í 2.300 og annan sem kostaði 3.300 en er nú á 1.980.


50-80% afsláttur er á kvenfatnaði í versluninni lðunni á Skejfabraut 1 á Seltjarnarnesi því þar hefur verið sett upp lagersala. Þar fást dragtir, peysur, buxur og kápur en eins og



eðlilegt má teljast eftir mánaðarútsölu er farið að vanta inn í númerin. Um er að ræða haustfatnað frá síðasta hausti og einnig eldri lager.

Undirfatnaður er á afar góðum kjörum í versluninni Change í Smáralindinni enda eru síðustu dagar útsölnunnar runnir upp. Afslátturinn nemur sjöttíu prósentum á allri vetrarlinunni en þar eru dekkri litir en í vorlinunni. Undirfatasett eru flest á 2 til 4.000 og þau ódýrustu ná ekki tvöþúsundkallinum. Náttföt og sloppar eru á útsölu líka og flís- og velúrheimagallar.

Blaðabakkar og ruslafötur eru seld á hálfvirdi í verslunum Office 1 nú í febrúar. Blaðabakkarnir eru



á 199 krónur og ruslafötur á 295. Margt fleira er á febrúartilboðinu, svo sem ljósritunarpappír, tólumús og fartölvustandur. Fimmtán prósent afsláttur er af öllum duft-hylkjum, vasareiknir sem áður var á 695 kostar nú 395 og fartölva sem kostaði 139.900 selst nú á 119.900. Hún er með tveggja ára ábyrgð.

tilbod@frettabladid.is

Allt af eitthvað fallegt

mubla | nýbýlavegi 18 | sími: 517 2100

Frjáls íbúðalán 4,15% vextir

Engin skilyrði um önnur bankaviðskipti

Lánin eru verðtrygð og bera fasta 4,15% vexti sem eru endurskoðaðir á fimm ára fresti. Hægt er að greiða upp án uppgreiðslugjalds þegar vextir koma til endurskoðunar. Engin hámarksupphæð og er lánstími allt að 40 árum. Krafa er gerð um fyrsta veðrétt íbúðarinnar. Lánshlutfall er allt að 80% við endurfjármögnun fasteigna (engin hámarksupphæð) og 100% við kaup fasteignar (hámarksupphæð 25 milljónir króna). Hægt er að nota lánin til íbúðarverka, til að stokka upp fjármálin eða í eitthvað allt annað.

Dæmi um mánaðarlega greiðslubyrði af 1.000.000 kr.*	5 ár	25 ár	40 ár
Lánstími	5 ár	25 ár	40 ár
4,15% vextir	18.485	5.361	4.273

*Lán með jafngreiðsluáferð án verðbóta

Hólmgeir Hólmgeirsson rekstrarfræðingur er lánafulltrúi á viðskiptasviði

Ragnheiður Þengilsdóttir viðskiptafræðingur er lánafulltrúi á viðskiptasviði.

Ráðgjafar okkar veita allar nánari upplýsingar. Þú getur lítið inn í Ármúla 13a, hringt í síma 540 5000 eða sent tölvupóst á frjalsi@frjalsi.is

FRJÁLSI FJÁRFESTINGARBANKINN www.frjalsi.is

allt

matur o.fl.

Kínverskur matur Nú eru áramót samkvæmt kínversku dagatali og ár hanans að hefjast. Í Kína er áramótunum fagnað í tvær vikur og á þeim tíma er mikið borðað af hefðbundnum mat og jafnvel útbúinn matur fyrir látna ástvíni. Á nýársdag borðar kínverska fjölskyldan grænmetisrétt sem kallast jai.



Smoothies drykkirnir eru:



100% ÁVEXTIR
1 flaska = tveir ávextir

Engin aukaefni
Enginn viðbættur sykur
Máltíð í flösku!

Arka • sími 899-2363



Pistasiu hringur

ylltur með marsipan pistasiu, og hjúpaður með karmellu borðist varlega. Kr. 490,-



Hjá Jóa Fel • Kleppsvogi og Smáralind s: 588 8998



Kaffihúsið Moulin Rouge á Skólavörðustígnum býður upp á franskt bakkelsi.

Ástríðumaður selur ekta franskt bakkelsi

Skólavörðustíginn mætti orðið kalla sælkerastíg þar sem hver sælkerabúðin tekur við af annarri. Nýjasta viðbótin er notalega franska kaffihúsið Moulin Rouge sem er í eigu Azis Mihoubi.

Moulin Rouge er nýtt kaffihús á Skólavörðustígnum og eins og nafnið gefur til kynna er það franskt. Eigandi kaffihússins er fransmaðurinn Azis Mihoubi sem kom hingað til lands fyrir níu árum til að leika handbolta með Val.

Ástæða þess að hann opnaði kaffihúsið segir hann vera einfalda. Hann saknaði hins franska croissant sem hann er vanur að fá sér á morgnana í París. Azis segist ekki hafa sett kaffihúsið



Baguettes og pain au chocolat sem þeir sem dvalist hafa í Frakklandi ættu að þekkja.



upp sérstaklega með gróða í huga heldur hafi ástríðan ráðið ferðinni.

Azis er afar afslappaður og afgreiðir viðskiptavinum sína með kurteis og hægir eilítið á tímanum með látlasu yfirbragði sínu. Rólegheit og þægileg tónlist ræður ríkjum og býður staðurinn upp á góðar samræður þar sem tíminn skiptir ekki sköpum. Að sjálfsögðu ber að minnast á hið ekta franska bakkelsi sem er á boðstólum eins og croissant, pain au chocolat og baguette. Það gerist ekki franskar, nema þó kannski hin franska hugsun Azis um kaffihús þar sem fólk getur setið og fylgst með fólkinu úti götu, og á Moulin Rouge eru stórir gluggar sem gefa gestum staðarins tækifæri til að halla sér aftur og horfa á heiminn líða hjá. Très bien! ■

MEGRUNARMINTUR



Bragðgóðar og frískandi mintur sem minnka matarlyst og auka brennslu.

Þú færð Slim Mints í verslunum um land allt

EGILS OG TUBORG: Páskabjórarnir komnir

Ölgerðin Egill Skallagrímsson hefur sett á markað Egils páskabjór, Egils malt páskabjór og Tuborg páskebryg, nýjar bjórtegundir sem eru til sölu í Vínbúðunum.

Egils páskabjór er bragðmikill 5% lagerbjór sem minnir á þýskan bjór og býr yfir miklu jafnvægi og fyllingu. Egils páskabjór kom fyrst á markað um síðustu páska og kostar 33cl flaska nú 169 krónur.

Egils malt páskabjór er sætur og dökkur maltbjór, 5,6%, með mikilli fyllingu og góðu eftir-

bragði. Egils malt páskabjór er til í 33cl flöskum og kostar flaskan 179 krónur.

Tuborg páskebryg er bjór sem Tuborg-verksmiðjurnar hafa sett á markað fyrir páska í áratugi og er fjölmörgum Íslendingum að góðu kunnur. Þetta er lagerbjór, 5,7%, fallega gylltur með keim af karamellueftirbragði. Kostar 33 cl flaska 187 krónur.

Páskabjór frá Ölgerðinni verður til sölu í Vínbúðunum fram yfir páska. Einnig mun Ölgerðin selja páskabjór til veitingastaða og veislusala.



Réttir kvöldsins

Fordrykkur í boði hússins
M/ þriggja rétta seðlinum Canasta Cream

Forréttur

Humarsúpa

m/ rjómatoppi og hvítlauksbrauði

Aðalréttir

Smjörsteiktur skötuselur

m/ hvítvínssósu, grænmeti og bakaðri kartöflu

Lambafillet

m/ sherrybætttri sveppasósu, grænmeti og bakaðri kartöflu

Nautalundir

m/ chateaubriandsósu, grænmeti og bakaðri kartöflu

Eftirréttur

Súkkulaðifraud

verð f/ einréttu

kr. 850

kr. 2.950

kr. 2.980

kr. 3.150

kr. 690

verð f/ þriggja rétta máltíð

kr. 3.890

kr. 3.890

kr. 3.990

Borðapantanir í síma 562 1988
Veitingahúsið Madonna Raudarárstíg 27 www.madonna.is



Allt í eldhúsið

Fissler

búsáhöld

KRINGLUNNI
sími 568 6440





Tagliatelle al pomodoro e basilico

ANNA SIGRÍÐUR HELGADÓTTIR
SÖNGKONA ELGAR OFT PASTARÉTTI.
HÉR ERU TVÆR UPPSKRIFTIR AÐ
GÓMSÆTUM RÉTTUM.

500 g tagliatelle
4-5 hvítlauksrif
4-5 perutómatar
fersk basillauf

Ólífuolía (extra virgin) er sett á pönnu og hituð. Hvítlaukurinn skorinn í frekar stóra bita, settur út í oliuna og brúnaður. Þegar hann er orðinn gullinn á litinn er hann veiddur upp úr oliunni. Þá er niðurskornum tómötum blandað út í oliuna og hitinn hækkaður. Þegar tómatararnir eru orðnir að mauki og skinnið allt orðið krullað eru basillaufin rifin yfir allt og blandað saman. Mikilvægt er að sjóða ekki pastað of mikið og hella vatninu af því. Sósunni hellt yfir pastað og hrært saman. Gott er að rífa parmesan-eða granaost yfir.

Spinat- og tómatsalat

500 g spinat
250 g kirsuberjatómatar
ólífuolía
balsamedik
salt

Spinatið skolað og sett í skál. Tómatar skolaðir, skornir í tvennt og bætt út í spinatið. Ólífuoliunni og balsamedikinu (frá Modena) hellt vel yfir. Ekki spara balsamedikið. Að endingu er salti drussað yfir allt salatið í skálinni með tveimur fingrum og öllu velt upp úr vökvanum. ■



Til hnífs og skeiðar

GUÐRÚN JÓHANNSDÓTTIR ELGAR
FLJÓTLEGAN MAT Á FÖSTUDEGI

Kjúklingabringur sem bragð er að

Frábær áhrif þessa réttar koma frá sítrónu, fennel og kapers. Þessi frískandi súrsæta bragðaflóra nær alla leið út í blóðið þar sem kapersblómknapparnir blómstra og galdra vetrardrúngann burt – út í veður og vind.

3-4 kjúklingabringur
3 msk sýrður rjómi
2 msk sveppaostur
15 kirsuberjatómatar
1 sítróna
1 tsk fennelfræ
1 tsk kapers
2 msk ólífuolía



Setjið ólífuolú í botninn á eldföstu fati og komið kjötinu þar fyrir. Blandið saman sýrðum rjóma og sveppaosti og smyrjið yfir kjúklingabringurnar. Merjið fennelfræin ögn með kökukefli og strá-ið þeim yfir bringurnar ásamt kapersberjum og tómötum. Flysjið börkinn af sítrónunni með ostaskera, dreifið yfir réttinn og kreistið svo safann úr sítrónunni yfir allt. Saltið og piprið. Bakið í 200 gráðu heitum ofni í ca15 mínútur. Berið réttinn fram með góðu salati og kartöflustöppu sem stöppuð er með smjörva, rifnum parmesan osti og nýmöluðum svörtum pipar.

**J.P. CHENET:
Freyðandi ást um helgina!**

Sjálfsgott munu margir færa elskunni sinni freyðivínsflösku um helgina í tilefni Valentínusardagsins. J.P. Chenet Sparkling Medium dry er ákaflega ljúft freyðivín sem er ljóst á lit með smá gylltum tón. Blómkenndur ilmur með keim af hnetum og möndlum. Bragðmikið og mjúkt með hunangi, perum og rist-uðum möndlum. Langt, sætt og gott eftirbragð. Vín sem freyðir vel og lengi. Kjörið sem fordrykkur og í margs konar veislur, einnig tilvalið með mat. Kjörhiti 6-8° C.



Verð í Vínbúðum 1.070 kr.

ráð }

Gömul egg fljóta

Það er gamalt og gott húsráð að setja egg í vatnsglas ef grunur leikur á því að farið sé að slá í þau vegna aldurs. Niðurstaðan liggur strax fyrir því fersk egg sökkva til botns í glasinu en gömul egg fljóta upp. Ný egg hafa líka til að bera grófari skum en gömul egg.



Matur og gleði

Food & Fun hátíðin hefst í næstu viku.

Food & Fun hátíðin í Reykjavík er haldin fjórða árið í röð og stendur yfir dagana 16. til 20. febrúar. Hátíðin er haldin í samstarfi við Reykjavíkurborg og er á sama tíma og vetrarhátíð sem borgin stendur fyrir, en hún er liður í markaðsstarfi Icelandair, í samstarfi við íslenskan landbúnað og Iceland Naturally.

Sem fyrr koma hingað heimsþekktir kokkar og elda mat eingöngu úr íslensku hráefni á veitingahúsum borgarinnar en kokkarnir eru 12 talsins og er þeim ráðað niður á veitingastaði og munu þeir elda einn fiskrétt, einn kjötrétt og eftirrétt. Réttirnir verða á matseðli veitingastaðanna í heila viku en kokkarnir verða á staðnum þá daga meðan hátíðin stendur.

Hátíðinni lýkur með keppni laugardaginn 19. febrúar í Lista-



Food & Fun lýkur með keppni í Hafnarhúsinu í Reykjavík.

safni Reykjavíkur í Hafnarhúsinu þar sem kokkarnir etja saman kappi og hafa þrjár klukkustundir til að elda mat úr íslensku hráefni, en aðeins hálf tíma til að kaupa inn hráefnið. Gestum og gangandi er boðið að koma og fylgjast með keppninni. ■

Frá Dr. Gillian McKeith
Living Food Energy duft
fyrir súper heilsu

Living Food Energy er súperfæða sem skilar sér í bættri heilsu og meiri orku
Fæst í apótekum og heilsubúðum

metasys®
Bylting í þyngdarstjórnun
Öflugt grænt te í hylkjum frá Metasys

Metasys er staðlað 100% lífrænt ræktað grænt te í hylkjum og inniheldur hvert hylki 375 mg af EGCg catechol sem er virkasta efnið í græna telaufinu og er eitt hylki á við 80-100 bolla af grænu tei. Metasys er klínískt rannsakað og er það öflugasta á markaðinum til fitubrennslu.

Línurnar í lag með Metasys
Fæst í apótekum og heilsubúðum
Leður- eða sportsæti	Hraðastillir
Rafdrifid okumannssæti	Rafdrifin sóllúga

Nýr Ford Focus 3 dyra



Nýr Ford Focus 5 dyra



Nýr Ford Focus Wagon



* Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Leiga er rekstrarleiga og er miðuð við mánaðarlegar greiðslur í 36 mánuði sem eru háðar gengi erlendra mynta og vöxtum þeirra. Lán er bílasamningur með 10% útborgun og mánaðarlegum greiðslum í 84 mánuði og eru háðar breytingum á vöxtum og gengi erlendra mynta 50% isk / 50% erl.myntkarfa. Nánari upplýsingar veita ráðgjafar Brimborgar. Aukabúnaður á mynd: áfölgur og þokuljós.



um gæði

► Nýr, endurhannaður Ford Focus er betur búinn en helstu keppinautarnir. Gömul tákni eru fallin. Og ný tekin við. Ford hefur tekist það sem aðrir framleiðendur hafa áður reynt; að hanna meðal stóran bíl eftir gæðastöðlum lúxusbíla á lægra verði. Margur búnaður lúxusbíla er staðalbúnaður í Focus. ESP stöðugleikastýrikerfi, TRACS spólvörn, loftkæling og öryggispúðagardínur eru þar á meðal. Árekstraröryggisstofnunin Euro NCAP gefur Ford Focus hæstu einkunn allra bíla í sínum flokki frá upphafi. Árekstraröryggi


Focus er metið með 5 stjörnum eða 35 stig. Frá upphafi hefur Focus hreppt 1. sætið á 65 alþjóða verðlaunahátíðum. Í 13 skipti bíll ársins. Komdu í Brimborg - skoðaðu nýja hönnun! Skoðaðu vinsælasta bíl í heimi.

Þegar allt er tekið með og verð er borið saman við gæði þá er Ford Focus talinn betri kostur en bæði Toyota Corolla og VW Golf, samkvæmt fjölmörgum evrópskum bílابلöðum. Veldu nýjan Focus - nýtt tákni um gæði...!



Ford Focus er vinsælasti bíll í heimi. Frá þeim tíma Ford Focus var fyrst kynntur, árið 1998, hefur Focus selst meira en nokkur annar bíll eða yfir 4 milljónir bíla. Heimsmetabók Guinness taldi sig þurfa staðfesta heimsmet Ford Focus í vinsældum og sem mest seldi bíll í heimi í afmælisútgáfu sinni fyrir 2005. Focus er einnig vinsæll meðal bílagagnrýnenda en þeir hafa í 65 skipti kosið Focus í 1. sætið á aðeins 6 árum. Focus hefur verið kosinn bíll ársins í 13 skipti í Evrópu og Norður-Ameríku.

Íslendingar velja Ford umfram önnur leiðandi bílamerki (74,1% aukning) og er Ford nú þriðja vinsælasta bílamerkið á Íslandi...og sækir stöðugt á! Endursalan staðfestir það einnig. Vertu í hópi þeirra bestu. Veldu nýjan Ford Focus.



Ford Focus hefur hreppt 1. sæti á 65 alþjóða-verðlaunahátíðum. Veldu Ford.



Öruggur staður til að vera á

Við óskum...

... Heiðari Helgusyni, framherja Watford og íslenska landsliðsins í knattspyrnu, til hamingju með að vera valinn besti leikmaður janúarmánaðar í ensku 1. deildinni af stuðningsmönnum ensku liðanna.



Við hrósum...

... Grindvíkingnum Guðlaugi Eyjólfssyni fyrir að þora að segja sína skoðun á endalausum straumi erlendra leikmanna í körfuna. Hann er hættur vegna fjölda útlendinga hjá liðinu.



HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

FEBRÚAR

8 9 10 11 12 13 14

Föstudagur

LEIKIR

- 19.00 **HK/Víkingur** og **KR** mæstast í Egilshöllinni á Reykjavíkurmóti kvenna í fótbolta.
- 20.00 **Huginn** og **Hvöt** mæstast í Bogunum á Powerade-mótinu í fótbolta.
- 21.00 **Fylkir** og **Fjölur** mæstast í Egilshöllinni á Reykjavíkurmóti kvenna í fótbolta.

SJÓNVARP

- 17.45 **Ólífisport** á Sýn. Endurtekinn þáttur frá því í gærkvöld þar sem farið er yfir allt það helsta í íþróttahiminum.
- 18.00 **Upphitun** á Skjá einum. Hitað upp fyrir leiki helgarinnar í ensku úrvalsdeildinni í fótbolta.
- 19.00 **Gillette-sportpakinn** á Sýn. Allt það hesta í íþróttahiminum í máli og myndum.
- 19.30 **Motorworld** á Sýn. Allt um akstursíþróttahiminum í þætti sem enginn akstursáhugamaður ætti að láta fram hjá sér fara.
- 20.00 **World Supercross** á Sýn.
- 23.15 **Enski boltinn** á Sýn. Útsending frá leik úr þriðju umferð ensku bikarkeppinnar í fótbolta.
- 01.00 **NBA-boltinn** á Sýn. Bein útsending frá leik **Cleveland Cavaliers** og **Denver Nuggets** í NBA-deildinni í körfubolta.

ÍR-ingar kjöldregnir

Haukar og ÍR áttust við í Intersportdeildinni í körfuknattleik á Ásvöllum í gærkvöld. Sterk pressuvörn heimamanna tryggði þeim örugga forystu sem þeir létu aldrei af hendi.

KÖRFUBOLTI Haukar tóku á móti ÍR í Intersportdeildinni í körfuknattleik á Ásvöllum í gærkvöld. Gestirnir sáu aldrei til sólar í leiknum og voru kjöldregnir af spræku liði heimamanna. Lokatölur voru 107-73. Haukarnir voru mjög einbeittir frá fyrstu mínútu og ekki að sjá að hér væri á ferðinni lið í neðri hluta deildarinnar. Sævar Ingi Haraldsson og nýr erlendur leikmaður Hauka, Demetric Shaw, fóru á kostum í fyrsta leikhliða. Staðan eftir fjórðunginn var 30-11 og ljóst hvert stefndi.

ÍR-ingar náðu sér aðeins á strik í öðrum leikhliða og tókst að minnka muninn í 12 stig en þá skiptu Haukarnir í pressuvörn og náðu þægilegu forskoti á ný með þá Shaw og Michael Manciel í broddi fylkingar. Shaw skoraði 18 stig í fyrri hálfleik. Það sama var uppi á teningnum í síðari hálfleik og liðsmenn ÍR voru einfaldlega slegnir allrækilega út af laginu og náðu sér aldrei almennilega á strik eftir að Haukarnir höfðu valtað yfir þá með öflugri pressuvörn. Sævar Ingi skoraði 15 stig, var með 12 stoðsendingar og sjö stolna bolta. Shaw og Manciel skoruðu hver um sig 29 stig en Theo Dixon var atkvæðamestur



BARIST UM BOLTANN UNDIR KÖRFUNNI ÍR-ingar sóttu ekki gull í greipar Hauka á Ásvöllum í gær og máttu þola stórt tap, 107-73. Hinn nýi leikmaður Hauka, Demetric Shaw sem er fremstur á myndinni, skoraði 29 stig í sínum fyrsta leik.

ÍR-inga með 19 stig en tapað eins og samherjar sínir, ekki boltanum 8 sinnum og átti, rétt góðan dag. ■

LEIKIR GÆRDAGSINS

Intersportdeildin í körfu

KEFLAVÍK-KR 88-79
Stig Keflavíkur: Nick Bradford 25 (19 frák.), Magnús Þór Gunnarsson 22 (11 í 4. leikhliða.), Anthony Glover 21 (15 frák.), Jón Nordal Hafsteinsson 8 (7 frák., 5 stoðs.), Arnar Freyr Jónsson 6, Gunnar Einarsson 4, Sverrir Sverrisson 2.

Stig KR: Aaron Harper 26 (11 frák., 5 stoðs., 5 stolnir.), Cameron Echols 12 (11 frák. á 20 mínútum), Jón Ólafur Jónsson 10, Láru Jónsson 8 (8 stoðs.), Brynjar Þór Björnsson 6, Steinar Kaldal 6, Ólafur Ægisson 5, Niels Dungal 4, Tómas Hermannsson 2 (5 frák. á 9 mínútum).

*Brynjar Þór var rekinn út úr fyrri óþróttamannslega framkomu.

KFÍ-SNÆFELL frestað

TINDASTÓLL-GRINDAVÍK 101-102

Stig Tindastóls: Brian Thompson 26 (9 frák., 6 stoln.), Bethuel Fletcher 19 (11 stoðs.), Svavar Birgisson 19 (6 frák.).

Stig Grindavíkur: Darrell Lewis 34, Terrel Taylor 24 (15 frák.), Páll Axel Vilbergsson 19.

HAUKAR-ÍR 107-73

Stig Hauka: Demetric Shaw 29 (13 frák., 5 stoðs.), Michael Manciel 29, Sævar Ingi Haraldsson 15 (12 stoðs., 7 stolnir.), Kristinn Jónsson 15,

Stig ÍR: Theo Dixon 19 (6 frák., 8 tapaðir), Grant Davis 14 (8 frák.), Fannar Helgason 8.

STAÐAN

KEFLAVÍK	17	14	3	1556-1344	28
FJÖLNIR	17	12	5	1607-1541	24
NJARÐVÍK	17	12	5	1531-1350	24
SNÆFELL	16	12	4	1403-1296	24
SKALLAGR.	17	9	8	1414-1394	18
ÍR	17	9	8	1535-1536	18
GRINDAVÍK	17	8	9	1558-1585	16
KR	17	8	9	1515-1476	16
HAM./SELF.	17	6	11	1527-1585	12
HAUKAR	17	6	11	1463-1478	12
TINDAST.	17	4	13	1428-1613	8
KFÍ	16	1	15	1332-1685	2

Knattspyrnuskóli Knattspyrnuakademíu Íslands í FÍFUNNI og EGILSHÖLL

Námskeið

5. vikur: 14. febrúar-18. mars

Yngri hópur: 5. fl. karla og kvenna.


Tvær æfingar í viku:
Þriðjudaga og fimmtudaga kl. 06:30-07:30.

MasterCard verð: 18.500

Eldri hópur: 4., 3., 2., og m.fl. karla og 4., 3., 2. og m.fl. kvenna.

Þrjár æfingar í viku:
Mánudaga, miðvikudaga og föstudaga kl. 06:30-07:30.

MasterCard verð: 27.900



Arnór Guðjónsen



Guðni Bergsson



Eyjólfur Sverrisson



Þorlákur Árnason



Guðmundur Hreiðarsson

Innifalið í verði er:

Treyja, stuttbuxur og sokkar Morgunverður Lokahóf

AK Knattspyrnu Akademiá Íslands

Skráning og allar upplýsingar í síma 695-4504 og á heimasíðu Knattspyrnuakademiunnar, www.knattspyrnuskolinn.is



FYRSTU 300 FÁ FRÍA FJÖLNISBOLI Jón Oddur Davíðsson, formaður Körfuknattleiksdeildar Fjölnis, með bol eins og þeir 300 fyrstu fá gefins þegar þeir mæta í Höllina á sunnudaginn.

Bikarúrslitaleikur milli Fjölnis og Njarðvíkur:

Fjölnismenn ætla sér að fylla Höllina

KÖRFUBOLTI Fjölnismenn sætta sig ekki við neitt annað en að Laugar-dalshöllin verði full úr dyrum á úrslitaleiknum í Bikarkeppni KKÍ og Lýsingar sem fram fer næsta sunnudag en þetta er fyrsti úrslitaleikurinn í sögu félagsins.

„Við erum með hátt í 20 þúsund manna hverfi í í kringum Fjölni og vitum að í hverfinu er mikill íþróttáhugi og treystum á að Gravarvogsbúar láti ekki sitt eftir liggja,“ segir Jón Oddur Davíðsson formaður Körfuknattleiksdeildar Fjölnis.

„Svo treystum við á að allir körfuknattleiksáhugamenn á höfuðborgarsvæðinu styðji okkur gegn Suðurnesjarisanum. Þetta ætti að geta orðið frábær leikur,

Suðurnes gegn Reykjavík,“ bætir Jón Oddur við en Fjölnismenn ætla að láta sína stuðningsmenn vera vel sjáanlega í Höllinni.

„Þetta er stærsti einstaki leikur tímabilsins í körfuboltanum og það er algjört ævintýri að vera allt í einu komnir í þennan leik sem alla dreymir um að fá að spila einhvern tímann á ferlinum. Það verður mikið um dýrðir í Höllinni og mikið fjór. Við ætlum að gefa boli þeim 300 sem mæta fyrstir, við verðum með trommur og fleira og þetta verður örugglega svakalega skemmtilegt hvernig sem leikurinn fer en við ætlum samt að vinna,“ segir Jón Oddur að lokum. ■

Enn einn leikmaðurinn á leið frá liði KA í DHL-deild karla í handboltanum:

Jónatan skoðar aðstæður hjá Ossweil

HANDBOLTI KA-maðurinn Jónatan Magnússon heldur til Þýskalands um páskana þar sem hann mun skoða aðstæður hjá Þýska 2. deildarfélaginu TSG Ossweil. KA lék æfingaleik gegn þessu liði fyrir tímabilið og frammiðastað Jónatans í þeim leik vakti áhuga Þjóðverjanna að því er fram kemur á heimasíðu KA.

Ossweil komst í umspil um sæti í 1. deildinni á síðasta tímabili en tapaði þeirri rímu. Verr hefur gengið hjá liðinu í vetur en það er sem stendur í tólfta sæti af átján liðum þegar fimmtán umferðir eru búnar. Skal því engan undra að félagið sé að leita að liðsstyrk.

Jónatan hefur stefnt að því



Á LEIÐ TIL ÞÝSKALANDS KA-maðurinn Jónatan Magnússon mun eyða páskunum hjá Þýska félaginu TSG Ossweil. Fréttablaðið/Vilhelm

leynt og ljóst síðustu misseri að félag síðasta sumar en það matt komast í atvinnumennsku og litlu munaði að hann semdi við sænskt

-hbg

Mí í frjálsum íþróttum:

Í eldlinunni í Egilshöll

FRJÁLSAR ÍÞRÓTTIR Um helgina fer Meistararnót Íslands í frjálsum íþróttum fram í Egilshöll en að þessu sinni eru 108 keppendur skráðir til leiks frá 16 félögum og héraðssamböndum. Flestir keppendur koma frá FH(16), ÍR(15), Breiðablik(13) og UMSS(12) en besta frjálsíþróttafólk landsins verður í eldlinunni í Egilshöllinni, fyrir utan þá sem dvelja erlendis við nám og æfingar taka þátt í mótinu um helgina og má búast við spennandi keppni í mörgum greinum.

Keppni hefst á laugardaginn kl. 10.00 og á sunnudag kl. 11.00, en síðustu greinar hefjast kl. 13.30 báða keppnisdaga. Mótið er í umsjón frjálsíþróttadeildar Ármanns að þessu sinni en þetta verður væntanlega síðasta meistaramótið í Egilshöllinni því næsta vetur ætti ný og glæsileg frjálsíþróttahöll í Laugardalnum að vera komin í gagnid. ■



Á ÖLÝMPIULEIKUNUM Kristján Arason sést hér ásamt eiginkonu sinni Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur í Aþenu.

ÍSÍ stofnar samtök:

Ólympíufarar sameinast

ÖLÝMPIULEIKAR Íþróttasamband Íslands er nú langt komið með að setja á stofn sérstök samtök íslenskra Ólympíufara, það er samtök þeirra íslenskra íþróttamanna sem hafa komið fram fyrir Íslands hönd á sumar- eða vetrarólympíuleikum.

Á vef ÍSÍ kemur fram að framkvæmdastjórn ÍSÍ hafi falið Benedikt Geirssyni, formanni afreksvæðis, að hafa frumkvæði í málinu frá og með síðasta hausti og fékk Benedikt fjóra fyrrverandi þátttakendur ólympíuleika í lið með sér til að undirbúa stofnun slíkra samtaka. Undirbúningshópurinn hefur nú hist á nokkrum fundum og m.a. unnið að gerð laga fyrir samtökin ásamt því að undirbúa stofnfundinn sem fyrirhugaður er 10. mars næstkomandi. Stjórn þessara nýju samtaka mun jafnframt gegna hlutverki íþróttamannanevndar ÍSÍ. Benedikt leit-aði til fjögurra fyrrverandi afreksíþróttamanna þjóðarinnar en í undirbúningshópnum eru ásamt Benedikt, Kristján Arason, Íris Grönfeldt, Guðmundur Gíslason og Steinunn Sæmundsdóttir sem er sú eina í hópnum sem er tengd vetrarleikum. ■

UNDIRBÚNINGSHÓPURINN:

Benedikt Geirsson form. afreksvæðis ÍSÍ
Kristján Arason fv. handknattleiksmáður
Íris Grönfeldt fv. frjálsíþróttakona
Guðmundur Gíslason fv. sundmaður
Steinunn Sæmundsdóttir fv. skíðakona

AXE HITABLÁSARAR

Rafmagns- gas- og steinolíublásarar

Margar stærðir og gerðir

MÚRBÚÐIN Smíðjuvegur 72 · 200 Kópavogur
Sími 544 5470 · www.murbudin.is

AMILO Pro V2000
Intel® Centrino™ mobile tækni
Intel® Celeron® M processor 340 1.5 GHz
512MB minni, 40GB diskur, 15" XGA skjár
Geislaskrifari og DVD lesari
i.LINK® (IEEE 1394) og 3x USB 2.0
326 x 270 x 34 mm, 2.9 kg
Intel® PRO/Wireless 2200 BG 54Mbps
Windows XP Pro

TILBOÐSVERÐ
kr. 109.900,-

AMILO L1300
Intel® Celeron M 340 1.5 GHz
512MB minni, 50GB diskur
15.4" breiðtjaldsskjár
DVD brennari - 3x USB 2.0
353 x 250 x 32 mm, 3.0 kg
Conexant PRISM 802.11g
Þráðlaus netstýring
Windows XP Home

TILBOÐSVERÐ
kr. 129.900,-

Fermingar
Leitaðu til okkar
sérfreðinga
varðandi tölvukaup

AMILO fartölvurnar þúnað eftirfarandi: Intel Extreme Graphics 2 skjástýring TV-OUT, 10/100 Ethernet og V.92 mótald, Lithium-ion rafhlöðu (allt að 3.0 klst.), 2 ára alþjóðleg ábyrgð á vinnu og varahlutum, Nero og WinDVD hugbúnaður fylgir.

Lifebook fartölvur er með hvað lægstu bilanatíðni sem þekkt á markaðnum í dag. Vörn gegn gagnatapi á hörðum disk í Lifebook fartölvum er með því allra besta sem þekkt.

Allar Lifebook fartölvur eru með Intel Centrino tækni.

Gerðu góð kaup!

Nýjasta tækni
Nýja SCALEO vélin er útbúin nýjustu tækninýjungum s.s. Serial ATA hörðum disk, PCI-Express skjá korti. 8 rása "Intel® HD Audio" hljóðstýringu.

Vel útbúin
Vélin kemur með Dual Layer +/- DVD brennara og sér DVD drifi til að tryggja að notandinn geti afritað diska án vandræða. Ótrúlega öflugt skjá kort fylgir vélinni sem ræður við alla heitustu leikina í dag. Sjónvarpsinngangur- og útgangur er á vélinni ásamt Firewire tengjum að framan og að aftan - þetta tryggir að þú getur notað tölvuna sem öflug mynd- og hljóðvinnsluver. MediaBay kortalesari les svo öll helstu myndavélakortin á markaðnum.

Þráðlaus
Vandað þráðlaust margmiðunarlyklaborð með ábrenndum íslenskum stöfum og þráðlaus mús fylgir vélinni. Einnig kemur vélin útbúin háhraða þráðlausu netkorti sem hjálpar þér að halda snúrskrimslinu í skefjum.

TILBOÐSVERÐ
kr. 149.900,-

Fujitsu Siemens SCALEO T
Midtower (ATX í fullri stærð)
Intel 915 "Grantsdale" kubbasett
Intel® Pentium® 4 550 3.4 GHz
1GB DDR2 minni
250GB 7200sn. 8MB diskur S-ATA
ATI X600 Pro-4 PCI-Express 256MB VIVO og DVI
DVD ± R/RW Dual Layer
DVD-ROM, tvö aðskilin drif
MediaBay kortalesari
10/100 netkort, 54Mbps þráðlaus netstýring
6x USB 2.0 (2 að framan), Firewire
8 rása hljóðstýring, Line in/out, Mic, SP/DIF
Nettir hátalarar
Þráðlaust íslenskt lyklaborð og mús
Windows XP Home SP2
Microsoft Works Suite 2004
Photoshop Elements og Album, WinDVD
Norman Antivirus, Nero Express 6
2 ára ábyrgð á vinnu og varahlutum

Opnið laugardag frá 11 - 16

NÚ STYTTIST Í FERMINGAR - LÍTTU VIÐ HJÁ OKKUR, SKOÐAÐU ÚRVALIÐ OG FÁÐU RÁÐLEGGINGAR SÉRFRÆÐINGA

20.1" TFT Fujitsu Siemens Professional
1600 x 1200 upplausn
Birta 250 CD/M²
Skerpa 600:1
25ms viðbragðstími
VGA og DVI tengi
Pivot - Hægt að snúa í "landscape" og "portrait"
Hæðarstillanlegur, Innbyggðir hátalarar
3 ára ábyrgð á vinnu og varahlutum

TILBOÐSVERÐ
kr. 89.900,-

19" TFT skjár Fujitsu Siemens Silverline
1280 x 1024 upplausn
Birta 270 CD/M², Skerpa 700:1
25ms viðbragðstími
VGA og DVI tengi
Innbyggðir hátalarar
3 ára ábyrgð á vinnu og varahlutum

TILBOÐSVERÐ
kr. 49.900,-

17" TFT skjár
1280 x 1024 upplausn
Birta 400 cd/m²
Skerpa 450:1
16ms viðbragðstími, HD15 (VGA) tengi
2 ára ábyrgð á vinnu og varahlutum

TILBOÐSVERÐ
kr. 29.900,-

VERTU MEÐ FRÁ BYRJUN VIÐ ERUM FARIN Í LOFTIÐ

Kl. 6-55

ÁVARP ILLUGA JÖKULSSONAR ÚTVARPSSTJÓRA

Kl. 7-9

GÓÐAN DAG SIGURÐUR G. TÓMASSON

Kemur þjóðinni á fætur með fréttum og spjalli. Gissur Sigurðsson flytur fréttir á 15 mínútna fresti.

Kl. 9-12

DAGMÁL ODDS ÁSTRÁÐSSONAR OG RAGNHEIÐAR GYÐU JÓNSDÓTTUR

Lífið í landinu, menning, listir, fróðleikur og viðtöl. FRÉTTIR Á 30 MÍNÚTNA FRESTI.

Kl. 12-13

FRÉTTIR FRÁ FRÉTTASTOFUNNI HÁDEGISÚTVARPIÐ

Í umsjón Sigurjóns M. Egilssonar

Kl. 13-14

HRAFNAÞING

Í umsjón Ingva Hrafns Jónssonar. FRÉTTIR KL. 13:30.

Kl. 14-15

BIRTA

Hversdagslífið og listin. FRÉTTIR KL. 14:30.

Kl. 15-18

ALLT & SUMT HALLGRÍMUR THORSTEINSSON OG HELGA VALA HELGADÓTTIR

Dægurmálaþáttur. FRÉTTIR Á 30 MÍNÚTNA FRESTI.

Kl. 18-18:30

Á KASSANUM

Yfirlit dagsins með Illuga Jökulssyni

Kl. 18:30-20

FRÉTTIR OG ÍSLAND Í DAG

Kl. 20-7

19:30 Ávarp Illuga Jökulssonar útvarpsstjóra (e) | 19:35 Góðan dag (e) | 21:00 Dagmál (e) | 23:20 Hádegisútgáfa og fréttatengt efni (e) | 00:00 Hrafnþing (e) | 00:50 Birta (e) | 01:40 Allt & sumt (e) | 04:05 Á kassanum (e)



Talstöðin
FM 90,9

STUÐ MILLI STRÍÐA · Bít itt!

BIRGIR ÖRN STEINARSSON ER AÐ FYLGJAST MEÐ MÁLI MICHAEL JACKSON

MYND: HELGI SIGURSSON



Ég elska Michael Jackson. Ókei, þá er ég búinn að segja það, og það verður ekki tekið til baka. Ég er þess vegna í smá klípu. Ef hann verður fundinn sekur, verð ég þá að hætta að hlusta á tónlistina hans? Er það ósiðlegt að hlusta á tónlist, ef hún er búin til af barnaníðingi? Fá setningar eins og „The kid is not my son... hífí“ aðra meiningu?

Michael Jackson er í vöndum málum, sama hvernig þessi réttarhöld fara. Hvort sem hann er sekur eða saklaus er hann líklega óhamingjusamasti maður í heimi. Annað

hvort vegna þess að hann hefur eytt allri sinni orku síðustu árin í að reyna að breiða yfir lygi, eða þá að hann álitur heiminn vera kominn upp á móti sér.

Ég veit ekki hvað ég á að halda í þessu máli. Annað hvort verður saklausasti maður heims krossfestur síðan Jesú Kristur fékk að blæða, eða þá að maðurinn brotnar loksins undan eigin lygum. Ef hann er saklaus mun þetta líklegast alltaf loða við hann áfram og það mun hafa áhrif á tónlistarsköpun hans.

Ég vil trúá því að hann sé saklaus, en hluti af mér er byrjaður að óttast annað. Ég reyni þó að muna að það var Michael sjálfur sem greindi frá því í heimildarmynd Martin Bashir að krabbameinssjúki

drengurinn svæfi stundum í rúmi sínu. Maður sem hefur eitthvað að fela hefði líklegast ekki verið það vitlaus að gefa öðrum einhverja ástæðu til þess að vekja athygli á því.

En kannski hefur Michael reynt að segja okkur þetta allan tímann? Söng hann ekki „I'm bad, you know it?“ fyrir tæpum tuttugu árum síðan? Og á sömu plötu „You've been hit by... a smooth criminal!“.

Ég ætla ekki að gera upp hug minn í þessu máli, leyfa þessu að gerast og sjá hver niðurstaðan verður. Ef hann verður sekur efast ég um að ég hætti að hlusta á tónlistina hans. Jafnvel veikir menn geta líka verið góðir tónlistarmenn, sjáðu bara James Brown! ■

myndasögur

■ PONDUS

Eftir Frode Överli



■ GELGJAN

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



■ PÚ OG ÞÁ

Eftir SÖB



■ KJÖLTURAKKAR

Eftir Patrick McDonnell



■ BARNALÁN

Eftir Kirkman/Scott



ÞÚ HEYRIR ÞAÐ STRAX



Talstöðin
FM 90,9

bíó

Ómissandi á DVD

Blade Runner. Þessi myrka og regnvota framtíðarsýn leikstjórans Ridley Scott sem byggir á smásögu eftir Philip K. Dick er ómissandi á öll betri kvikmyndamenningarheimili. Harrison Ford sýndi á sér nýja hlið í Blade Runner og hristi af sér Stjórnustríðs- og Indiana Jones-árana í hlutverki vélmennaveiðarans Rick Deckard.



All those moments will be lost in time, like tears in rain. Time to die.

- Vélmennið Roy Batty kvaddi þennan heim á ljóðrænum nótum í Blade Runner.

Gagnrýnir Clooney og De Niro

Russell Crowe hefur gagnrýnt leikarana George Clooney, Harrison Ford og Robert De Niro fyrir að koma fram í sjónvarpsauglýsingum. „Ég nota ekki frægð mína til þess að græða. Ég leik ekki í auglýsingum fyrir jakkaföt á Spáni eins og George Clooney eða fyrir sigarettur í Japan eins og Harrison Ford. Fólk gæti gagnrýnt mig



fyrir þetta og sagt auglýsingar vera frábæra leið til þess að eignast auðveldlega peninga. En fyrir mér er þetta fátíðlegt. Ég meina, Robert De Niro er að auglýsa fyrir American Express. Jiiiii, þetta er reyndar ekki í fyrsta skiptið sem hann veldur mér vonbrigðum. Það hefur verið að gerast aftur og aftur undanfarið,“ sagði Crowe hneykslaður. ■



ALLT Í HÁALOFT Frank Towns og aðstoðarmenn hans takast á í Gobi-eyðimörkinni í Mongólíu í myndinni Flight of the Phoenix.

Eyðimerkurhasar og vísindatryllir

Hin endurgerða kvikmynd Flight of the Phoenix og vísindatryllirinn White Noise verða frumsýndar í dag. Með aðalhlutverkin fara hinir gamalkunnu leikarar Dennis Quaid og Michael Keaton.

Kvikmyndin Flight of the Phoenix er endurgerð samnefndrar myndar frá árinu 1965 sem var með Jimmy Stewart í aðalhlutverki.

Dennis Quaid, sem vakti síðast athygli í The Day After Tomorrow, hefur hér tekið við hlutverki Stewarts sem flugmaðurinn Frank Towns sem er í eftirlitsför í Gobi-eyðimörkinni í Mongólíu til að kanna afskekkt olíuborunarsvæði.

Hlutirnir fara heldur betur úrskaiðis þegar flugvélin hrapar í miðri eyðimörkinni. Mikil eynd blasir við Quaid og aðstoðarmönnum hans og svo virðist sem dauðinn sé óumflýjanlegur úti í óvæginni náttúrunni. Eina von þeirra er sú að vélvirkjanum í hópnum (Giovanni Ribisi) takist að búa til nýja flugvél úr flakinu. Þangað til á hópurnum eftir að lenda í ýmsum vandræðum sem eiga eftir að reyna á þolrifin svo um munar.

Auk Quaid og Ribisi fara með helstu hlutverk þau Miranda Otto, Tony Curran, Tyrese Gibson, rapparinn Sticky Fingaz og hinn breski Hugh Laurie. Leikstjóri er



JONATHAN RIVERS Michael Keaton í hlutverki Jonathan Rivers í vísindatryllinum White Noise.

John Moore, sem síðast gerði Behind Enemy Lines með Owen Wilson og Gene Hackman í aðalhlutverkum. Athygli vekur að annar af handritshöfundum myndarinnar er leikarinn og leikstjóri Edward Burns, sem hingað til hefur gert lítið af því að skrifa handrit fyrir aðrar myndir en sínar eigin. Á meðal mynda hans eru The Brothers McMullen, Sidewalks of New York og Ash Wednesday.


Michael Keaton fer með aðalhlutverkið í vísindatryllinum

White Noise. Keaton, sem er þekktur fyrir hlutverk sín í Beetlejuice, Batman og Multiplicity, leikur arkitektinn Jonathan Rivers, sem missir eiginkonu sína á dularfullan hátt. Inn í líf hans stígur Raymond Price (Ian McNeice) og heldur því fram að hann hafi heyrt í eiginkonunni í gegnum EVP, eða Electronic Voice Phenomenon. Það er sá samskiptamáti sem framliðinir nota til að ná sambandi við hina lifandi með því að gefa frá sér hljóð eða myndir í gegnum tæki sem eru til á venjulegum heimilum. Það eina sem hinir lifandi þurfa að gera er að leggja betur við hlustir.

Raymond fer að trú á þennan samskiptamáta og ákveður að taka upp hljóð hinna framliðna í gegnum tækin. Þegar hann heyrir í látinni eiginkonu sinni fær hann skilaboð sem eiga eftir að hafa æsispennandi atburði í för með sér. Með önnur aðalhlutverk fara Chandra West og Deborah Kara Unger en leikstjóri er Bretinn Geoffrey Sax, sem hefur mikla reynslu úr sjónvarpi. ■

FRÉTTIR AF FÓLKI

Hjartaknúsarinn Brad Pitt er sagður eiga í ástarsambandi með fyrirsætunni April Florio, þrátt fyrir að búa enn þá með fyrverandi eiginkonu sinni Jennifer Aniston. Tekin var ljósmynd af Pitt og hinni 22 ára Florio í ísbúð í Kaliforníu á dögunum og í kjölfarið spratt upp þessi orðrómur. Að sögn breska dagblaðsins Daily Express var það George Clooney, vinur Pitt, sem kynnti þau í Evrópu síðasta sumar.



Leikkonan Charlize Theron ætlar lekkert að slaka á þrátt fyrir að hafa fengið Óskarinn á síðasta ári fyrir hlutverk sitt í Monster. „Síðan ég fékk Óskarinn eru allir að biða eftir því hvað ég geri næst og hvort mér muni mistakast. Gleymið því. Ég hef lagt hart að mér til að komast á þennan stað og ég er ekki á leiðinni í burtu. Ég birtist bara aftur í öðrum dulargervum,“ sagði hún.



DRYKKUR Á LAUSU



SYKURLAUSU!

ALVÖRU BRAGÐ ENGINN SYKUR

Á Grand Rokk ...

Föstudagskvöld: Megasukk

Laugardagskvöld: KK og Hjálmar

Grand Rokk - You'll never drink alone.

It could only be Heineken



Bangsímon snýr aftur

Í teiknimyndinni Bangsímon og Fríllinn höldum við áfram að fylgjast með ævintýrum Bangsímon og Tígra og er víst að yngstu börnin eiga eftir að fagna þessari ljúfu mynd frá Walt Disney.

Þetta er þriðja teiknimyndin um þá félagar en áður hafa komið út The Tigger Movie og Piglet's Big Movie sem báðar hafa notið mikilla vinsælda. Kom sú síðarnefnda út fyrir tveimur árum, en myndirnar eru byggðar á sögum A. A. Milne frá árinu 1926. ■



BANGSÍMON OG FÉLAGAR
Ævintýri Bangsímons og Tígra halda áfram í teiknimyndinni Bangsímon og Fríllinn.

FRUMSÝNDAR UM HELGINA


(DÓMAR Í ERLENDUM MIÐLUM)



White Noise
Internet Movie Database 5,1/10
Rottentomatoes.com 10% = Rotin
Metacritic.com 30/100



Flight of the Phoenix
Internet Movie Database 6,1/10
Rottentomatoes.com 30% = Rotin
Metacritic.com 47/100



Bangsímon og Fríllinn
Internet Movie Database 7,5/10
Rottentomatoes.com 60% = Fersk

Öll heimsins börn ... í Reykjavík

Ráðstefna í Norræna húsinu
16. febrúar

Á ráðstefnunni verða flutt fjölmörg stutt erindi um ýmis verkefni sem tengjast þjónustu við börn og ungmenni af erlendum uppruna. Reynt verður að draga lærdóm af reynslunni með því að skoða það sem vel hefur gengið og það sem betur má fara. Einnig verða kynnt endurskoðuð drög að fjölmenningsstefnu Reykjavíkurborgar og við heyrum raddir ungs fólks af erlendum uppruna.



Dagskrá:

- 8:45–9:00 Skráning, afhending gagna og setning ráðstefnu
Fjölmenningsarkór Lækjaborgar
Hallfríður Snorradóttir, stjórnandi
- 9:00–9:15 Framtíð í nýju landi
Anh Dao Tran, verkefnisstjóri
- 9:15–9:30 Málið hennar Dísu. Þróun þjónustu Leikskóla Reykjavíkur við börn og foreldra af erlendum uppruna frá 1993–2004
Kolbrún Vigfúsdóttir, leikskólaráðgjafi, Leikskólar Reykjavíkur
- 9:30–9:45 Lækjaborg – fjölmenningslegur leikskóli – Jafnrétti, menning og tunga
Fríða B. Jónsdóttir, leikskólakennari, Lækjaborg
- 9:45–10:00 Öll heimsins börn... í skólunum – Frumbyggjar, nýbúar og heimsborgarar
Fríðbjörg Ingimarsdóttir, kennsluáðgjafi nýbúafraeðslu, Fræðslumiðstöð Reykjavíkur
- 10:00–10:15 Kaffi
- 10:15–10:30 Raddir ungmenna af erlendum uppruna
David Tómas Daviðsson og Fida Abu Libdeh
- 10:30–10:45 Fjölmenningsleg kennsla. – Austurbæjarskóli – móðurskóli í fjölmenningu
Nína Magnúsdóttir, deildarstjóri, Austurbæjarskóli
- 10:45–11:00 Nemendur af erlendum uppruna – Fellaskóli
Sigurlaug H. Svavarsdóttir, deildarstjóri, Fellaskóli og Fe Galicia Isorena, kennari, Fellaskóli
- 11:00–11:15 Ísjakarnir – erlendir unglingar í nýju samfélagi
Guðbjörg Magnúsdóttir og Dagbjört Ásbjörnsdóttir, verkefnisstjórar hjá ÍTR
- 11:15–11:30 Íslenska sameiginlegur lykill – Sumarskóli – sumarfrjör
Elisabet Brekkan, kennari, Námsflokkar Reykjavíkur
- 11:30–11:40 Samráðshópar um málefni útlendinga
Edda Ólafsdóttir, félagsráðgjafi, Félagsþjónustan í Reykjavík

- 11:40–12:20 Hádegisverður
- 12:20–12:45 Raddir ungmenna af erlendum uppruna
María Helga Guðmundsdóttir og Jelena Bibic
- 12:45–13:00 Alþjóðlegt barnabókasafn
Einar Ólafsson, bókavörður, Borgarbókasafn
- 13:00–13:15 Fjölmenningslegur í Vinnuskóla Reykjavíkur
Lísa Njálisdóttir, verkefnisstjóri
- 13:15–13:30 Hvað er adrenalín gegn rasisma og hver er árangurinn?
Jóna Hrönn Bolladóttir, miðborgarprestur
- 13:30–13:45 Málörvun – heimanám. – Stuðningur við börn af erlendum uppruna
Hrafnkell Tumi Kolbeinsson, forstöðumaður Ungmennadeildar Reykjavíkurdeildar Rauða kross Íslands
- 13:45–14:00 Vinátta – Mentorverkefnið
Elín Þorgeirsdóttir, verkefnisstjóri, Velferðarsjóður barna á Íslandi
- 14:00–14:30 Kaffi
- 14:30–14:45 Það er svo sniðugt að geta talað við barnið – Ólíkir fletir á aðlögun
Einar Skúlason, framkvæmdastjóri Alþjóðahúss
- 14:45–15:00 Brú á milli menningarheima
Sigríður Birna Valsdóttir, verkefnisstjóri, Hitt húsið
- 15:00–15:15 Drög að nýrri fjölmenningsstefnu Reykjavíkurborgar
Dagur B. Eggertsson, borgarfulltrúi
- 15:15–15:45 Hvað getum við gert betur?
Allir þátttakendur



Ráðstefnan er á vegum Reykjavíkurborgar, Alþjóðahússins og Fjölmenningsráðs. Ráðstefnugjald er kr. 5.000 og er matur og kaffi innifalið. Ráðstefnustjóri er Hildur Jónsdóttir jafnréttisráðgjafi Reykjavíkurborgar. Sigurlaug Sigurðardóttir í Ráðhúsi Reykjavíkur sér um skráningar. Netfang: sigurlaug.sigurdardottir@reykjavik.is - sími: 563 2105

Sumar Plus 2005

Aldrei fleiri áfangastaðir!



Netverðdæmi

Costa del Sol
Verð frá **47.066 kr.***
á Santa Clara í 7 nætur.
57.438 kr. ef 2 ferðast saman.

Krít
Verð frá **49.400 kr.***
á Skala í 7 nætur.
60.100 kr. ef 2 ferðast saman.

Portúgal
Verð frá **39.500 kr.***
á Elimar í 7 nætur.
54.200 kr. ef 2 ferðast saman.

Mallorca
Verð frá **38.730 kr.***
47.730 kr. ef 2 ferðast saman.

Benidorm
Verð frá **34.230 kr.***
á Halley í 7 nætur.
46.300 kr. ef 2 ferðast saman.

*á mann m.v. að 2 fullorðnir og 2 börn, 2ja-11 ára, ferðist saman. Innifalið: Flug, gisting, 10.000 kr. bókonarfatsláttur og flugvallarskattar.



plus

FERÐIR

www.plusferdir.is

Hlíðasmára 15 • Sími 535 2100

Mynd ársins valin

! **Bára K. Kristinsdóttir** ljósmyndari opnar sýningu sína, **Heitir reitir**, í Ljósmyndasafni Reykjavíkur á morgun. Á sýningunni hefur hún valið gróðurhús sem myndefni en þar má jafnframt greina ýmsar skírskotningar til listasögunnar.

menning

menning@frettabladid.is

Hin árlega ljósmyndasýning Blaðaljósmyndaráráfélags Íslands, Mynd ársins 2004, verður opnuð á morgun í Gerðarsafni í Kópavogi. Sýninguna opnar Ólafur Ragnar Grímsson forseti Íslands.

Að venju verða veitt verðlaun fyrir Mynd ársins ásamt verðlaunum í níu mismunandi flokkum. Meðal þeirra eru fréttamyndir, portrettmyndir, íþróttamyndir, opinn flokkur og myndraðir. Í ár tóku 42 ljósmyndarar þátt í forvali fyrir keppnina og valdi dómnefnd 200 ljósmyndir á sýninguna af 1800 innsendum myndum, en það er metföldi.

Undanfarið ár hefur skapast sú hefð að gestasýning sé á neðri hæð safnsins í tengslum við sýningu Blaðaljósmyndaráráfélagsins. Á þessu sinni er það sýning Ragnars Axelssonar sem hlotið hefur heiðið Framandi heimur. Ragnar eða Rax eins og hann er oftast kallaður hefur löngum verið á faraldsfæti, bæði innanlands



sem utan, og er þekktur fyrir mannlífsmýndir sínar sem bera vitni einstakri nálægð við fólk og lífshætti sem eru óðum að hverfa.

EKKI MISSA AF...

... myndlistarsýningu ísraelsku listakonunnar **Efrat Zehavi** í sýningaryminu Gallerí Dvergur, sem ber titilinn „FIRELAND“, og lýkur næstkomandi sunnudag.

... **Eivöru Pálsdóttur**, sem flytur eigin lög ásamt **KaSa-hópnum** í Salnum, Kópavogi, klukkan 20 á sunnudaginn. Eivör syngur lögin í splunkunýjum útsetningum eftir **Hilmar Örn Hilmarsson**, **Árna Harðarson**, **Pétur Grétarsson** og **Kjartan Valdimarsson**.

... fyrirlestri **Jóns Proppé**, listfræðings og heimspekings, um peninga og siðmenningu, sem hann flytur á laugardaginn klukkan 15 í Ketilhúsinu á Akureyri í til efni af sýningunni **Stríðsmenn hjartans**, sem nú stendur yfir í Listasafninu á Akureyri.

Kona sem lifir fyrir ástina

Tosca eftir Puccini frumsýnd í Íslensku óperunni í kvöld.

Tosca eftir Puccini verður frumsýnd í Íslensku óperunni í kvöld. Tosca er ein allra vinsælasta ópera Puccinis og sýndi Íslenska óperan hana fyrst fyrir fimmtán árum. Hátt á annað hundrað manns taka þátt í sýningunni að þessu sinni, þar á meðal 36 manna kór og 60 manna hljómsveit.

Söguþráðurinn í Toscu er byggður á leikriti eftir Victorien Sardou sem var frumsýnt í París árið 1887. Eftir að Puccini sá leikritið á sviði árið 1895, þar sem hin franska Sarah Bernhardt fór með hlutverk Toscu, hófst hann handa við smíði óperunnar. Tosca var frumsýnd í Róm árið 1900 og naut strax mikilla vinsælda. Tónlistin í Toscu er margslungin og grípanði og persónusköpunin kemur ljóslega fram í tónlistinni í gegnum allt verkið.

Titilhlutverkið syngur Elín Ósk Óskarsdóttir – en hún hefur áður sungið hlutverkið hér á landi, því hún debútaði í Toscu í sýningu Þjóðleikhússins 1986, aðeins 25 ára að aldri. „Það var dálítið ævintýri“, segir Elín Ósk. „Öðruvísi ævintýri en núna. Ég var yngri og kannski ekki eins þroskuð.“ Elín segir þetta



ELÍN ÓSK ÓSKARSDÓTTIR Syngur Toscu hér á landi öðru sinni.

óvenjulega ungan aldur til þess að syngja Toscu. „Tosca er seinni tíma dæmi fyrir sóprana sem syngja hana ekki fyrr en um miðjan aldur. Að minnsta kosti þykir betra að við séum komnar vel á fertugsaldurinn. Þar spilar margt inn í, bæði hvað varðar tilfinninga- og raddþroska. Ég var svo heppin að vera með mjög þroskaða rödd og fékk því að glíma við hana.“

Hvað er það sem gerir Toscu að einni vinsælastu óperu sögunnar? „Ætli það sé ekki þessi mikla lita-

dýrð í stykkinu. Þá er ég að tala um tónlistina. Hún spannar allt frá því að vera hályfrísk yfir í mikla dramatik í morðum og sjálfsmorðum. Það er því allur pakkinn í verkinu. Ef ég tala út frá Toscu sjálfri, þá er hún saklaus kona sem lifir fyrir listina og ástina og vill öllum vel en lendir í hringið ásamt ástinni sinni, Cavaradosi. Þegar hún sér það að hún er svikin af lögreglustjóranum í Rómaborg, Scarpia, sem vill fá hana til sín – þótt ekki sé nema í eina nótt – þá fórnar hún sér.“ ■

Ávaxtakarfan
I AUSTURBÆ

Sun 13. Feb kl. 14:00 Sæti laus
Sun 20. Feb kl. 14:00 Sæti laus
Pantanir í síma 551 4700
miðasala opin 14 - 18 alla daga
www.midi.is
Landsbankinn

Frumsýning 11. febrúar kl. 20 – UPPSELT

TOSCA

2. sýn. 13. feb. kl. 19 örfá sæti laus - 3. sýn. 18. feb. kl. 20 örfá sæti laus
4. sýn. 20. feb. kl. 19 nokkur sæti laus - 5. sýn. 25. feb. kl. 20 nokkur sæti laus
6. sýn. 27. feb. kl. 19 - 7. sýn. 4. mars kl. 20 - 8. sýn. 6. mars kl. 19 - 9. sýn. 12. mars kl. 19

Vivaldi – Trúarleg verk og óperur
Hádegisónleikar þriðjudaginn 15. feb. kl. 12.15 – Marta Hrafnadóttir, alt,
Sigurðar Halldórsson, selló og Kurt Kopecky, sembla flytja verk eftir Vivaldi.

Miðasala á netinu: www.opera.is

www.opera.is | midasala@opera.is | Sími miðasölu: 511 4200 | ÍSLENSKA ÓPERAN

Miðasalan er opin kl. 14-18 virka daga, kl. 13-18 lau. og sun. og fram að sýningu sýningardaga. Símasala frá kl. 10 virka daga.

VODKAKÚRINN
Helga Braga Steinn Ármann
AUSTURBÆR

Lau. 12/02 2005 kl. 20:00 Sæti laus
Pantanir í síma 551 4700
miðasala opin 14 - 18 Alla daga
www.vodkakurinn.is og www.midi.is

Tenórinn Leikfélagið Snúður og Snældu sýnir:

Ástandið
Sögu kvenna frá hernámsárunum
Frumsýning 13. febrúar kl. 14.00
Miðvikudaga kl. 14.00
Sunnudaga kl. 14.00

Sýningum fer fækkandi

Vetrarhátíð - Grímuball
Bardukha og Andrea Jónsdóttir
laugardaginn 19. febrúar.

ÍDNO Miðasala í síma 562 9700 www.idno.is

BÖNDIN Á MILLI OKKAR
AÐEINS ÞRJÁR
SÝNINGAR EFTIR!

■ Stóra sviðið kl. 20.00
MYRARLJÓS - Marina Carr
2. sýn. í kvöld fös. 11/2 örfá sæti laus, 3. sýn. fös. 18/2 örfá sæti laus, 4. sýn. sun. 20/2 örfá sæti laus, 5. sýn. fim. 24/2 örfá sæti laus, 6. sýn. sun. 27/2 örfá sæti laus.

ÖXIN OG JÖRÐIN - Ólafur Gunnarsson. Leikgerð: Hilmar Jónsson.
9. sýn. lau. 12/2 örfá sæti laus, 10. sýn. fim. 17/2 nokkur sæti laus, 11. sýn. fös. 25/2.

DÝRIN Í HÁLSASKÓGI - Thorbjörn Egner
Sun. 13/2 kl. 14:00 uppselt, aukasýning lau. 19/2 kl. 14:00 nokkur sæti laus, sun. 20/2 kl. 14:00 uppselt, sun. 27/2 kl. 14:00 uppselt. Síðustu sýningar.

EDITH PIAF - Sigurður Pálsson
Sun. 13/2 uppselt, lau. 19/2 uppselt, lau. 26/2 uppselt, fös. 4/3 uppselt, fös. 11/3 uppselt, fös. 18/3 uppselt, sun. 20/3 nokkur sæti laus.

■ Smíðaverkstæðið kl. 20.00
NÍTJÁNHUNDUR - Kaffileikhús - Alessandro Barrico
Í kvöld fös. 11/2, lau. 19/2 nokkur sæti laus.
Ekki er hægt að hleypa inn í salinn eftir að sýning er hafin!

■ Litla sviðið kl. 20.00
BÖNDIN Á MILLI OKKAR - Kristján Þórður Hrafnsson
Í kvöld fös. 11/2 nokkur sæti laus, sun. 20/2 nokkur sæti laus, fim. 24/2. Aðeins þessar þrjár sýningar eftir. Ekki er hægt að hleypa inn í salinn eftir að sýning er hafin!

Miðasölusími: 551 1200 Netfang: midasala@leikhusid.is Veffang: www.leikhusid.is
Opjið kl. 12:30-18:00 mán.-þri. Aðra daga kl. 12:30-20:00. Símapantanir frá kl. 10:00 virka daga.
Þjóðleikhúsið sími 551-1200

BORGARLEIKHÚSIÐ

Leikfélag Reykjavíkur • Listabraut 3, 103 Reykjavík

STÓRA SVIÐ
HÍBYLI VINDANNA
leikgerð Bjarna Jónssonar eftir vesturfarsögum Böðvars Guðmundssonar
Í kvöld kl 20 - UPPSELT
Lau 12/2 kl 20
Fi 17/2 kl 20 - UPPSELT
Fö 18/2 kl 20 - UPPSELT
Lau 19/2 kl 20 - UPPSELT
Fö 25/2 kl 20
Lau 26/2 kl 20
Fö 4/3 kl 20
Lau 5/3 kl 20

HÉRI HÉRASON
e. Coline Serreau
Sýningar halda áfram eftir páska.

LÍNA LANGOKKUR
e. Astrid Lindgren
Su 13/2 kl 14,
Su 20/2 kl 14
Su 27/2 kl 14 Síðustu sýningar

HOUDINI SNÝR AFTUR
Fjölskyldusýning um páskana.
Forsala aðgöngumiða hafin.

NÝJA SVIÐ/LITLA SVIÐ
SEGÐU MÉR ALLT
e. Kristínu Ómarsdóttur
Aðalæfing mi 16/2 kl 20 - kr. 1.000
Forsýning fi 17/2 kl 13 - kr. 1.000
Frumsýning fö 18/2 kl 20 - UPPSELT
Lau 19/2 kl 20, Lau 26/2 kl 20, Su 27/2 kl 20

VESTURFARARNIR - NÁMSKEIÐ
Í samstarfi við Mími-símenntun
Mi 16/2 - Helga Ögmundardóttir
Mi 23/2 - Böðvar Guðmundsson
Innifalið: Boð á Híbyli vindanna

Miðasölusími 568 8000
midasala@borgarleikhusid.is
Miðasala á netinu www.borgarleikhusid.is

Miðasalan í Borgarleikhúsinu er opin:
10-18 mánudaga og þriðjudaga,
10-20 miðviku-, fimmtu- og föstudaga
12-20 laugardaga og sunnudaga

ISLENSKI DANSFLOKKURINN SÝNIR:
VIÐ ERUM ÖLL MARLENE
DIETRICH FOR
e. Ernu Ómarsdóttur og Emil Hrvatin
Í kvöld kl 20 - UPPSELT
Síðasta sýning
BELGÍSKA KONGÓ
e. Braga Ólafsson, Gríman fyrir besta leik í aðalhlutverki
Lau 12/2 kl 20 - UPPSELT,
Su 13/2 kl 20 - UPPSELT,
Fi 17/2 kl 20, Su 20/2 kl 20 - UPPSELT,
Fi 24/2 kl 20, Fö 25/2 kl 20 - UPPSELT,
Sýningum lýkur í febrúar
AUSA eftir Lee Hall
Í samstarfi við LA.
Í kvöld kl 20, Lau 19/2 kl 20, Lau 26/2 kl 20
Ath: Miðaverð kr. 1.500
SVIK
eftir Harold Pinter
Samstarf: Á SENUNNI, SÖGN ehf. og LA
Su 13/2 kl 20, Su 20/2 kl 20, Su 27/2 kl 20
SAUMASTOFAN 30 ÁRUM SÍÐAR
eftir Agnar Jón Egilsson. Í samstarfi við TÓBIAS.
Lau 12/2 kl 20, Fö 18/2 kl 20
ATH: Bönnuð yngri en 12 ára
15:15 TÓNLEIKAR
Benda - Nýtt efni
Lau 12/2 kl 15:15

LEIKHÚSVEISLA FYRIR HÓPA
- UPPSKRIFT AÐ SKEMMILEGU KVÖLDI
Kl 18:00 Gledistund í forsal - veitingasalan opin
Kl 18:30 Kynniferð um leikhúsið
- kynning á verki kvöldsins
Kl 19:00 Matseðill kvöldsins
Kl 20:00 Leikþýning kvöldsins
NÆRING FYRIR SÁL OG LÍKAMA - BÓKIÐ Í TÍMA

Börn 12 ára og yngri fá fritt í Borgarleikhúsið í fylgd fullorðinna
- gildir ekki á barnasýningar

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

FEBRÚAR

8 9 10 11 12 13 14

Föstudagur

■ TÓNLEIKAR

17.00 Hljómsveitin **Reykjavík** spilar í Smekkleysu Plötubúð, Laugavegi 59.

23.00 Bresku sveitin **Killin Paplo** verður með tónleika á Gauki á Stöng ásamt **Hoffman, Solid I.v** og eins manns verkefni Heiðars í Botnleðu, **The Giant Viking Show**.

23.00 **Megas** og **Súkkat** verða með **Megasukk** á Grand Rokk.

■ SKEMMTANIR

Þröstur 3000 verður með nýjustu og ferskustu dansmúsíkina á Sólón.

SPÍTALASKIPID
NEMENDALEIKHÚSIÐ
eftir Kristnu Ómarsdóttur

Fös. 11. feb. kl. 20 - örfá sæti laus -
Lau. 12. feb. kl. 20 - örfá sæti laus -
Aukasýningar
Fim. 17. feb. kl. 20 - örfá sæti laus -
Fös. 18. feb. kl. 20
Lau. 19. feb. kl. 20 - lokasýning
Miðaverð 1000 kr.

Byggt í Smiðjunni - Sölvhólsgötu 13
552-1971 - leiklistardens@lni.is

LANDIÐ VIFRA

Leikþýning byggð á barnljóðum Þórarins Eldjárns
Sun. 13. feb. kl. 14. laus sæti
Mið. 16. feb. kl. 10. uppselt
Lau. 19. feb. kl. 14. uppselt
Þri. 22. feb. kl. 14. uppselt
Sun. 6. mars kl. 14. laus sæti
Miðaverð kr. 1.200
Miðasala s. 562 5060 - www.moguleikhusid.is

Ótrúleg endurkoma

LEIKLIST

VALGEIR SKAGFJÖRD

Ísmedia
Austurbæ

Ávaxtakarfan eftir: Kristlaugu Mariu Sigurðardóttur og Þorvald Bjarna Þorvaldsson

Leikstjóri: Gunnar Ingi Gunnsteinsson / **Danshöfundur og aðstoðarleikstjóri:** Ástrós Gunnarsdóttir / **Búningar:** María Ólafsdóttir / **Leikmynd:** Hrafnhildur Stefánsdóttir / **Leikgervi:** Kristín Thors og Fríða María Harðardóttir / **Lýsing:** Freyr Vilhjálmsson og Gunnar I. Gunnarsson / **Leikarar:** Lára Sveinsdóttir, Selma Björnsdóttir, Birgitta Haukdal, Jón Jósef Snæbjörnsson, Ingrid Jónsdóttir, Tinna Hrafnisdóttir, Valur Freyr Einarsson, Sveinn Geirsson, Jón Ingi Hákonarson

Það er ekki á hverjum degi sem leikhúslídamenn fá tækifæri til að betrumbæta verk sín og sjaldgæft að leikstjórar setji upp sama verkíð oftar en einu sinni á ferlinum en hér hefur undantekning verið gerð. Það hefur verið sagt erfitt að gera betur þegar gert er framhald af leikverki sem hefur tekist vel með og enn fremur að endurgerðir verka séu í mörgum tilfellum lélegri en frumgerðirnar. Ég sá frumútgáfu Ávaxtakörfunnar á frumsýningu fyrir sjö árum síðan og sú sýning gekk afskaplega vel og hefur lifað góðu lífi á videospólu hjá mínum börnum síðan.

Nú hefur verkíð gengið í endurnýjun lífdaga. Höfundurinn fær tækifæri til að umskrifa verkíð, ydda það og bæta og allir aðstandendur sýningarinnar nýta sér þá möguleika sem í því felast. Hér hefur sérlega vel tekist til. Boðskapur verksins hefur aldrei verið skýrari og ég er ekki í nokkrum vafa um að Ávaxtakarfan hefur skipað sér á bekk með Dýrunum í Hálsaskógi, Kardimommubænum og Línu Langsokk. Kannski er sögnin í verkinu sterkari nú um stundir þar sem valdagráðugir



ÁVAXTAKARFAN Yngstu áhorfendurnir eiga eftir að elska Ávaxtakörfuna. Hún verður klassík.

pólitikasar keppast um að krýna sjálfa sig kónaga og skeyta lítt um vilja eða skoðanir almennings. Yfirbragð sýningarinnar er létt og litríkt, stillinn hreinn og áreynslulaus, tónlistin skemmtileg og gripandi þar sem saman fara sönghæfar melódíur og poppskotnar útsetningar. Búningar eru með þeim flottari sem ég hef séð á sviði lengi og einstaklega smekkvís förðunin dregur fram persónueinkenni hvers og eins.

Leikhópurinn var mjög samstiga og þrátt fyrir að þrjár skærustu poppstjörnur landsins tækju þátt í sýningunni yfirskyggði það aldrei þá einingu sem hópurinn skapaði með kraftmikilli nærveru sinni á sviðinu allan tímann. Allir fengu að njóta sín.

Allir voru stjórnur. Lára Sveinsdóttir stóð sig einstaklega vel sem Maja jarðarber. Skilaði hlutverkinu af fádæma einlægni og er auk þess þrýðileg söngkona. Selma Björnsdóttir sýnir hér frábæra takta sem fyrsta flokks gamanleikkona og um sönginn hjá henni þarf ekki að fjölyrða. Hún hreinlega brilleraði. Sveinn Geirsson fór hamfórum í Guffa banana en missti

sig einstaka sinnum í það að yfirmóta röddina. Jón Ingi Hákonarson vakti óskipta kátinu áhorfenda sem Græni bananinn enda þakklátt að leika þann vitgranna. Ingrid Jónsdóttir var kraftmikil og gefandi í hlutverki Rauða eplisins og þau Tinna Hrafnisdóttir og Valur Freyr Einarsson áttu góðan sameik í Podda og Pöllu peru. Þá eru ótalir Birgitta og Jónsi sem af poppstjörnum íslensku skærast hafa skinið að undanförmu. Birgitta náði finum tökum á Geddu gulrót þar sem eðlislæg einlægni Birgittu og elskuleg framkoma nýtast vel til að verka samúð og samkennd með persónunni.

Jónsi lék Imma ananas og gerði margt mjög vel en datt annað slagið niður í amatörisma og virtist mér sem hann hefði annað hvort ekki fengið nægilega leikstjórn eða ætti erfitt með að taka leikstjórn. Það var ekki gott að segja. En það mun vonandi rjátla af honum. Styrkur Jónsa felst fyrst og fremst í kraftmikilli söngródd og þeirri líkamlegu orku sem hann virðist búa yfir. Ég veit að yngstu áhorfendurnir eiga eftir að elska Ávaxtakörfuna. Hún verður klassík.

- Lúó og Stefán** rokka og tjúta eins og þeim er einum lagið á Kringlukránni.
- Hermann Ingi jr** skemmtir gestum Búálfisins í Hólagarði.
- Dansleikur með hljómsveit **Geirmundur Valtýssonar** í Klúbbnum við Gullinbrú.
- Addi M.** spilar og syngur á Catalínu.
